

Í LEIT AÐ
STAÐFESTU

JÓNAS H. HARALZ

Í LEIT AÐ
STAÐFESTU

NOKKRAR GREINAR FRÁ ÁRINU 2009

Reykjavík
2014

Ritstjórn og ábyrgð:
Ásgeir Jónsson

Sérstakar þakkir fá:
Bjarni Ólafsson ritstjóri Viðskiptablaðsins
Benedikt Jóhannesson ritstjóri Vísbendingar
Hallgrímur Thorsteinsson ritstjóri DV
Jón G. Hauksson ritstjóri Frjálsrar Verslunar
Illugi Jökulsson
Vilmundur Hansen

Fyrir góðfúslegt leyfi til endurbirtingar efnis


Gunnar Haraldsson forstöðumaður Hagfræðistofnunar
Sveinn Agnarsson dósent við Viðskiptafræðideild

Fyrir yfirlestur og góðar ábendingar

Útgefandi:
Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

Fjárhagslegur stuðningur:
Landsbankinn hf
Samtök atvinnulífsins

Mynd á kápu:
Rotaryklúbbur Reykjavíkur

Hönnun og prentvinnsla:
Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja 

ISBN 978-9979-9045-9-5

EFNISYFIRLIT

Aðfararorð.	7
Jónas H. Haralz minning	9
Í leit að staðfestu	13
Hvaða lærdóm má draga af hagþróun og hagstjórn á Íslandi á 20. öld?	19
Forsendur viðreisnar	22
Aðlögun Íslands að alþjóðlegri efnahagssamvinnu að lokinni síðari heimsstyrjöld.	30
Höft og kreppa	32
Íslendingar hafa löngum kosið að einangra sig	39
Sjálfstæð peningamálastefna gengur ekki í litlu hagkerfi	45
Æviágrip Jónasar H. Haralz	47

AÐFARARORÐ

JÓNAS H. HARALZ fæddist þann sjötta október 1919 og orðaði það svo sjálfur að hann væri ári yngri en fullveldið en jafngamall Hæstarétti. Hann lést þrettánda febrúar 2012 og ævi hans spannar sem næst alla fullveldissögu Íslands. Jónas var þó ekki aðeins sjónarvottur þau rúmu 92 ár sem hann og fullveldið fylgdust að. Svo má heita að hann hafi nær ávallt verið undir berum himni þegar veðrabrigði áttu sér stað í íslensku efnahagslífi í þeim mörgu lykilsstöðum sem hann gegndi fyrir þjóð sína. En ekki aðeins það. Jónas var án efa einn skarpasti greinandi efnahagsmála sem um gat hérlendis. Að honum gengnum standa eftir fjölmargar ræður og greinar sem sýna að hann var einn fárra samtíðarmanna sem raunverulega skildi efnahagslegt samhengi atburða þegar þeir gerðust.

Það hefðu því fáir átt að vera betur til þess fallnir að greina „hrunið“ í sögulegu samhengi. Í þessari stuttu bók birtast nokkrar greinar, fyrirlestrar og viðtöl árið 2009 – sem er bæði árið eftir hrun og árið sem Jónas varð níráður. Hér birtist sýn Jónasar á þýðingu nýliðinna atburða auk þess sem hann lætur einnig fylgja skýr ráð til ráðvilltrar þjóðar um stefnuna til framtíðar. Þessi skrif eru hér tekin saman undir ritstjórn undirritaðs í tilefni af 95 ára afmælis Jónasar árið 2014 með fulltingi Landsbankans hf. og Samtaka atvinnulífsins. Jónas varði síðustu starfsárum sínum á Hagfræðistofnun og það er því mjög vel við hæfi að sú stofnun skuli nú gefa út þetta stutta greinarsafn.

Það er álit þess sem hér ritar að skrif Jónasar standi mun betur tímans tönn en margt annað sem var rætt og ritað var á því róstarsama ári 2009. Nú, sex árum eftir hrunið, er sérstaklega athyglisvert að lesa aðvaranir hans að Íslendingar endurtaki mistök fortíðar og dragi sig frá umheiminum með höftum og einangrunarhyggju.

Reykjavík, 30. september 2014
Ásgeir Jónsson

ÁSGEIR JÓNSSON

JÓNAS H. HARALZ MINNING

ÁRIÐ 1957 BIRTI vikublaðið *the Economist* stuttan pistil um Ísland undir fyrir- sögninni *Tight little Island*. Titillinn vísaði til frægrar kvikmyndar frá árinu 1949 um skipsstrand við eyju undan ströndum Skotlands. Skipið var hlaðið 50.000 tonnum af viski og eyjarskeggjar gripu tækifærið fegins hendi til þess að fara allir saman á kennderí. Líkingin við Ísland var þá augljós þar sem landið hafði sannarlega fengið sinn hluta af strandgóssi úr stríðinu til þess að drekka fyrir. Íslendingar höfðu ekki aðeins auðgast á styrjöldinni, heldur einnig fengið Marshall-aðstoð sem var einungis ætluð stríðshráðum ríkjum Evrópu. Í ofanálag var staða landsins í Kalda stríðinu notuð til þess að kría ýmis lán og fríðindi frá Bandaríkjunum og Sovétríkjunum til skiptis. En flestir þessir fjármunir brunnu á báli óráðsúu og viðvarandi ójafnvægis í þjóðarbúskapnum. Í augum umheimsins var því Ísland eyjan með strand-viskíið þar sem drykkja og timburmenn skiptust á með sífelldum reddingum og bráðabirgðaráðstöfunum í efnahagsmálum. Efnahagsumbætur sem Benjamín J. Eiríksson og Ólafur Björnsson höfðu staðið að 1950 höfðu að miklu leyti runnið út í sandinn þó tekist hafi að draga úr vöruskömmtnun. En við tók fjölgengis- og bótakerfi er reyrdi saman atvinnulífið. Þetta var sá tími sem skip stóðu bundin við bryggju við hver áramót þar til búið var að ákveða verð á fiski og útflutningsbætur í samningum við stjórnvöld.

Árið 1957 var einmitt það ár sem Jónas Haralz var kallaður heim frá Bandaríkjunum þar sem hann hafði starfað í sjö ár fyrir Alþjóðabankann og meðal annars sinnt verkefnum í Suður-Ameríku. En hann fékk þá boð um að gerast efnahagsráðgjafi fyrir nýstofnaða vinstristjórn undir forystu Hermanns Jónassonar. Fyrir Jónas var það annað hvort að hrökkva eða stökkva. Hann var 37 ára og gat vel hugsað sér frekari frama þar vestra. En svo fór að hann sneri aftur. Hann eyddi síðan næstu fjórum árum í það að reikna bætur og millifærslur í haftakerfinu þar sem sífellt var verið að bjarga málum fyrir horn með ýmsum neyðarráðstöfunum.

Um umbætur var ekki hægt að ræða. Það var ekki fyrr en með Viðreisninni 1960 að Jónas fékk tækifæri til þess, í félagi við Jóhannes Nordal, að innleiða markaðsfrelsi aftur á Íslandi. Hann varð eftirleiðis einn helsti efnahagsráðgjafi þeirrar stjórnar. Þannig fetuðu Íslendingar sig út úr hringavitleysunni með þeim lokaáfangi að ganga inn á Evrópskt Efnahagssvæði árið 1993 og gefa fjármagnsflutninga frjálsa í þann mund sem Jónas sjálfur fór á eftirlaun.

Eftir „hrunið“ 2008 var Jónas oft spurður að því hvaða lærdóm væri hægt að draga af reynslu þjóðarinnar af fyrri áföllum sem hægt væri að nýta gegn aðsteðjandi vanda. Hann lagði þá ávallt áherslu á eitt og aðeins eitt atriði: að Ísland mætti aldrei grípa aftur til hafta og einangrunarstefnu sem kreppulausnar. Hann hafði sjálfur eytt drjúgum hluta af sinni starfsævi í það að reyna að halda gamla haftakerfinu gangandi og reyna að reikna skynsemi í eitthvað sem var í eðli sínu óskynsamlegt. Jónas hafði sjálfur þá sterku ákveðnu skoðun, og hafði haft lengi, að Ísland ætti að ganga í Evrópusambandið til þess einmitt að tryggja markaðsfrelsi og efnahagslega sambættingu við útlönd. En ekki aðeins það. Evrópsk samvinna var að hans áliti forsenda fyrir því að halda hugum landsmanna opnum fyrir erlendum straumum og stefnum og forðast aftur þá andlegu innilokun sem landið var í um miðbik tuttugustu aldar. Hann átti því miður eftir að horfa upp á söguna ganga í hring og Ísland verða aftur að eyjunni með strand-viskíð í augum umheimsins og haftabúskap hefjast að nýju hérlendis.

Hugmyndafræðilegt ferðalag

Jónas Haralz fæddist ári eftir fullveldið, 1919, og orðaði það svo sjálfur að hann væri jafngamall og Hæstiréttur. Ævi hans spannaði því sögu sjálfstjórnar landsins sem er bæði tímabil gríðarlegra framfara en jafnframt tímabil öfga og óstöðugleika.

Foreldrar hans voru hugsjónafólk á hinu andlega sviði. Faðir hans Haraldur Níelsson, guðfræðiprófessor, og leiðandi spíritisti. En móðirin, Aðalbjörg Sigurðardóttir, einn helsti forkólfur guðspeki hérlendis. Jónas sjálfur hafði einnig heitar hugsjónir – en öllu veraldlegri – þar sem hann gerðist kommúnisti sem svo títt var um unga menn á krepputímanum. Og eins og einnig var títt með unga róta-tæka menn varð kommúnisminn til þess að Jónas fékk áhuga á efnahagsmálum. Hann hóf nám í efnavekfræði í Stokkhólmi árið 1938 en venti sínu kvæði í kross tveimur árum síðar og hóf nám í hagfræði. En eins og svo títt var meðal róttækra hagfræðinga las hann sig frá kommúnismanum í náminu sjálfu. Hann orðaði það

svo síðar að marxisminn væri hagfræðilegur misskilningur. Samt sem áður skráði hann sig í sósíalístaflökkinn við heimkomu frá námi árið 1945 og tók sæti fyrir flokkinn í bankaráði Landsbankans 1946. Það sama ár var hann einnig í framboði fyrir flokkinn í bæjarstjórnarkosningum í Reykjavík sem og í alþingiskosningum í Þingeyjarsýslu. Framboðið nyrðra var sögulegt fyrir þá sök að þar atti hann kappi við sjálfan Jónas frá Hriflu er þá bauð sig fram í síðasta skipti.

Það var ekki fyrr en eftir 1948 sem Jónas dró sig hægt og hljótt út úr flokksstarfi sósíalísta, að eigin sögn, eftir slæma reynslu af skipulagshyggju og þá var yfirgangur Sovétmanna í A-Evrópu einnig orðinn ber. Árin í Bandaríkjunum, 1950–1957, hafa síðan gert út um hans sósíalísku skoðanir. Áfram naut hann þó trausts vinstri manna enda voru það þeir sem kölluðu hann heim árið 1957 eins og áður er frá sagt.

Eftir áratugs starf með viðreisnarstjórninni gekk Jónas í Sjálfstæðisflokkinn árið 1971 og varð brátt valinn þar til ýmissa trúnaðarstarfa. Jónas sagði svo frá sjálfur að hann hefði aftur hafið stjórn málaafskipti af því að honum ofbauð efnahagsstefna vinstri stjórnarinnar er þá hafði tekið við. Hann gerðist þá einnig mikilvirkur greinarhöfundur og hélt fram sjónarmiðum frjáls markaðar með álíka rökfestu og hann hafði skrifað til stuðnings kommúnismanum á unga aldri. Aftan á kápu greinasafns hans frá árinu 1981 er ber heitið „Velferðarríki á villigötum“ er Jónas kallaður „einn kunnasti og mælskasti málsvari frjálshyggjunnar hérlandis“.

Fyrir Jónas, líkt og Þjóðina, var tuttugasta öldin hugmyndafræðilegt ferðalag. Það er líka góð handfylli af íslenskum hagfræðingum er gengu álíka langa leið frá vinstri til hægri á starfsævi sinni líkt og Jónas Haralz, og enginn þeirra naut svo óskoraðs traust og trúnaðar á báðum pólum líkt og hann. Lýsir það meir en mörg orð hæfileikum hans og mannkostum. Jónas orðaði það sjálfur að þeir sem skiptu um skoðun væru þeir sem raunverulega skiptu máli þar sem þeir hefðu hugsað málin til hlítar.

Skínandi embættisferill

Jónas var í eðli sínu ákaflega praktískur maður og nákvæmur. Hann virðist alltaf hafa lagað sig að ríkjandi aðstæðum og vann ávallt verk af samviskusemi og nákvæmni hvort sem hann var sammála eða ósammála þeim forsendum sem hann þurfti að vinna eftir. Enda fór töluvert af starfsævi hans í það að lappa upp á haftakerfið. Listinn yfir trúnaðarstörf hans fyrir opinbera aðila og félagasamtök frá heimkomu hans er gríðarlega langur og án efa má segja að hann hafi komist

til æðstu metorða á íslenskan mælikvarða sem embættismaður. Hann stóð alltaf undir þeirri ábyrgð sem honum var falin. Og gott betur. Meira um vert er þó að orð hans höfðu ávallt vægi. Hann var alltaf rödd skynseminnar og á hann var ávallt hlustað þó ekki væri alltaf farið eftir ráðum hans.

Mjög líklega hefur Jónas oft velt fyrir sér þeirri ákvörðun sinni að snúa aftur til Íslands árið 1957 og kannski séð eftir henni á stundum. Sá sem hér ritar las oft út úr orðum hans mikla þreytu gagnvart hve íslenska þjóðarsálin er í eðli sínu hvíkylynd og ópraktísk og hvernig skruðmælggi og æsingar taka alltaf skynsemi fram í þjóðmálaumræðu. Árið 1969 varð hann bankastjóri Landsbankans og stýrði bankanum í gegnum tíma óðaverðbólgu og efnahagsstjórnar sem hann hefur sjálfur lýst ákaflega vel á prenti í Tímariti um Viðskipti og Efnahagsmál árið 2007. En svo árið 1988 fékk hann sig lausan og sneri aftur til Bandaríkjanna, og starfaði fyrst fyrir Alþjóðabankann og síðan að sjálfstæðum verkefnum þar ytra.

Sem *heldri-eldri* maður

Loks sneri Jónas aftur heim árið 1996 – þá 77 ára – en ekkert var honum meira fjarri en setjast í helgan stein. Hann gerðist *heldri-eldri* maður (Grand Old Man) en Ísland á því miður alltof lítið af slíkum mönnum er hafa miklu að miðla eftir langan aldur. (Í íslenskrri þjóðfélagsumræðu virðist sem aldur og öfgar fylgist að!) Hann fékk skrifstofuaðstöðu á Hagfræðistofnun og lét sannarlega til sín taka. Sá sem hér ritar kynntist Jónasi á Hagfræðistofnun og minnst með mikilli þökk margra samtala við hann um mál líðandi dags sem og hagsögu. Jónas hafði sterka nánd og ákaflega yfirvegað yfirbragð. Hann talaði ávallt af bæði öryggi og festu, og mjög skipulega. Hann hafði einnig aðdáunarvert minni og var gangandi alfræðiorðabók um sögu tuttugustu aldar. Það var ógleymanlegt að hlusta á hann standa upp og flytja efnisríkar ræður blaðalaust og vitna sem sjónarvottur um persónur og atburði langt aftur fyrir fæðingu flestra viðstaddra. Við tveir höfðum sett okkur það mark að skrifa saman hagsögu tuttugustu aldar en ég sveik Jónas í því verki en ákvað þess í stað að taka þátt í íslensku bankaútrásinni. Það er og verður mín eftirsjá. Með Jónasi Haralz er einn áhrifamesti og besti hagfræðingur Íslands á tuttugustu öld fallinn frá.

Minningargrein rituð í Viðskiptablaðið þann 23. febrúar 2012.

Í LEIT AÐ STAÐFESTU

MIG LANGAR TIL þess að biðja ykkur að fylgja mér sem snöggvast til árána upp úr 1920. Heimsstyrjöldinni fyrri var þá nýlokið. Sá tími hafði reynst Íslendingum þungbær, en að honum loknum blasti við sá árangur sem svo lengi hafði verið sóst eftir. Ísland var orðið fullvalda ríki 1918 og innlendur hæstiréttur var tekinn til starfa fyrir árslok 1919. Efnahags- og fjármálum hins nýja ríkis var þó í flestu ábótavant, íslenska krónan var sem fyrr talin jafngild hinni dönsku þrátt fyrir mikla verðbólgu styrjaldarárana. Seðlabanki var enginn, en tveir viðskiptabankar, annar að mestu í danskri eigu, höfðu takmarkaðan rétt til útgáfu seðla. Báðir voru bankarnir illa stæðir eftir hremmingar undanfarinna ára. Jafnframt voru fjármál ríkisins í ólestri. Þetta þrennt, staða íslensku krónunnar, fyrirkomulag og efling bankanna og viðreisn fjármála ríkisins, urðu helstu viðfangsefni árána á milli 1920 og 1930, þau mál sem umræður og átök snerust um að miklu leyti. Þau reyndust þó ekki leyst nema í mjög ófullkomnum mæli þegar áratugnum lauk og óvæntir atburðir komu til sögunnar utan lands sem innan.

Lítum fyrst til krónunnar. Hún hafði ásamt dönsku krónunni verið tengd við gull frá því um 1870, á sama gildi og aðrar norrænar krónur, innan vébanda norræns myntbandalags og alþjóðlegs kerfis gullfótar, en á grundvelli þess kerfis höfðu alþjóðaviðskipti aukist og heimsbyggðin dafnað sem aldrei fyrr. Þetta kerfi hafði brostið 1914, eins og kunnugt er, en endurreisn þess var nú, að styrjöldinni lokinni, hvarvetna á döfinni enda þótt erfitt væri um vik vegna verðbólgu undanfarinna ára.

Um það var ekki ágreiningur hér á landi frekar en annars staðar að festa bæri myntina að nýju við gull. Hins vegar greindi menn á um það hvort sú festing skyldi miðast við fyrra gullgildi frá 1914 ellegar við það lægra gildi sem svaraði til þeirrar hækkunar verðlags sem orðið hafði. Ætti fyrri kosturinn að verða fyrir valinu, þurfti að koma til lækkunar verðlags og launa sem gat orðið atvinnuvegum og

almenningi þung í skauti. Um þetta stóðu átökin hér á landi líkt og í nágranna- löndum okkar. Bretar tóku af skarið árið 1925, og endurreistu sterlingspundið á fyrra gullgengi. Hið sama gerðu þrjú Norðurlandanna, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, án þess þó að koma á aftur hinu fyrra myntbandalagi landanna.

Hér á landi var málið hins vegar aldrei útkljáð. Ekki hafði verið hjá því komist að rjúfa tengslin við dönsku krónuna árið 1922, en eftir það hafði gengið verið fljótandi og óstöðugt þar til það hækkaði mjög á árinu 1925 og var í október það ár fest við sterlingspundið. Sú tenging var til komin vegna eindreginna óska atvinnuveganna og var aðeins ætlað að standa til bráðbirgða þar til full gulltrygging kæmi til sögunnar, en stóð í reyndinni í fjórtán ár. Umræður um gulltryggingu stóðu svo allt til sumarfundar Alþingis árið 1931, þegar heimskreppan var skollin á af fullum þunga.

Það reyndist einnig erfitt að ná samstöðu á Alþingi um skipulag bankanna. Menn gerðu sér að vísu grein fyrir nauðsyn þess að landið eignaðist seðlabanka, en flestum óx í augum sá kostnaður er fylgja myndi tilkomu nýrrar stofnunar. Niðurstaðan varð sú sem Jón Þorláksson, forsætisráðherra, fylgdi fram með nýjum lögum um Landbankann árið 1927, þar sem bankanum var skipt í þrjár deildir, seðladeild, sparisjóðsdeild og veðdeild, og skyldi hin fyrsta gegna hlutverki seðlabanka en hinar hlutverkum viðskipta- og veðbanka. Með þessu móti voru Landsbankanum falin tvö hlutverk sem lítt gátu samrýmst. Þetta var Jóni Þorlákssyni ljóst, en hann gerði ráð fyrir að seðlabankahlutverkið myndi sitja í fyrirrúmi, líkt og hafði orðið annars staðar á Norðurlöndum. Reyndin varð hins vegar önnur. Hugsunarháttur og reynsla stjórnenda bankans beindi þeim eindregið í hina áttina, auk þess sem bankann skorti eigið fé til að sinna hlutverki seðlabanka.

Þriðja verkefnið sem fyrr var nefnt var að treysta stöðu fjármála ríkisins. Í því efni gerði Jón Þorláksson mikið átak sem fjármálaráðherra árin 1924 til 1927, sem bar drjúgan árangur en var lítt til vinsælda fallið. Eftir kosningar og stjórnarskipti á árinu fengu svo verklegar framkvæmdir af ýmsu tagi mun meira svigrúm en áður hafði verið, og minni áhersla var lögð á góða afkomu ríkissjóðs.

Ekkert þeirra þriggja meginverkefna sem glímt var við á fyrsta áratug fullveldisins hafði því náð fram að ganga þegar áratugnum lauk. Krónan hafði ekki verið tengd við gull, seðlabanki var ekki kominn á fót og fjárhagur ríkissjóðs hafði ekki náð þeim styrk sem farsæl stjórn efnahagsmála þurfti á að halda. Skýring þess að ekki tókst betur til en þetta var ekki fólgin í skorti á hæfileikum þeirra manna sem um málin fjölluðu á Alþingi og í ríkisstjórn. Margir þeirra voru mikilhæfir menn, vel menntaðir og vel kunnugir þeim stefnum og sjónarmiðum sem uppi voru í

nágrannalöndum okkar. Upplýsinga og álits var leitað til erlendra fræðimanna og starfandi fjármála- og bankamanna. Mér er satt að segja til efs að umræður á Alþingi hafi í annan tíma verið betur ígrundaðar en þær sem fram fóru um gengismálið á þessum árum. Ágreiningur var heldur ekki um það höfuðatriði að binda skyldi krónuna við gull, né heldur um það að seðlabanki í einhverri mynd þyrfti að koma til sögunnar. Lausn gengismálsins virtist meira að segja innan seilingar í lok áratugarins, en þá var heimskreppan á allra næsta leiti. Ástæðan fyrir því að ekki tókst betur til virðist helst hafa verið sú að mönnum fannst ekki mikið liggja á. Það var góðæri í landinu og menn bjuggu sig undir að minnast þúsund ára afmælis Alþingis með þeim hætti sem sæmdi hinu unga fullvalda ríki.

Því má svo halda fram, þótt slíkar vangaveltur gætu virst fánýtar, að landið hefði verið mun betur undir þá miklu kreppu búíð sem að steðjaði ef gullgengi hefði verið komið á í lok áratugarins, sérstakur seðlabanki verið tekinn til starfa og fjármálastjórn verið að sama skapi aðhaldssamari. Einnig má gera sér í hugarlund að sérstakur seðlabanki hefði haft náíð samband við aðra norræna seðlabanka og kosið að fylgja fordæmi þeirra um festingu krónu gagnvart sterlingspundi á lægra gengi en áður var, í stað festingar á óbreyttu gengi eins og gert var hér á landi haustið 1931. Atvinnuvegirir hefðu þá staðið betur að vígi og þau höft orðið minni sem upp voru tekin og viðhaldið svo áratugum skipti.

Kreppuárin sem stóðu hér á landi allan fjórða áratuginn reyndust okkur Íslendingum erfið og skildu eftir sig sár sem seint greru. Þau leiddu einnig til innilokunar og einangrunar frá öðrum löndum og til afskipta ríkisins af atvinnuvegum og einstaklingum sem gengu mun lengra en í nálægum löndum. Ekki var breytt um stefnu fyrr en með gengislækkuninni 1939, en þá var styrjöldin á næsta leiti og óvænt gósentíð framundan.

Þegar líða tók á styrjöldina tóku Bretar og Bandaríkjamenn að leggja drög að endurreistu kerfi alþjóðlegra peningamála og frjálsra alþjóðaviðskipta. Á ráðstefnu í Bretton Woods í Bandaríkjunum sumarið 1944 var stofnað til alþjóðlegs peningakerfis sem átti að taka gamla gullfætinum fram í sveigjanleika um leið og viðunandi festu væri náð. Bandaríski dollarinn, sem orðinn var höfuðgjaldmiðill heimsins, skyldi bundinn við ákveðið gullgengi, en aðrar þjóðir miða gengi gjaldmiðla sinna við dollarann undir umsjón nýrrar stofnunar, Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem jafnframt hefði yfir nægum fjármunum að ráða til að styðja lönd til að halda réttu stefnu. Sömuleiðis var horft til nýrrar áttar í viðskiptamálum með almennu samkomulagi um tolla og viðskipti (GATT) árið 1948. Sama ár hófu Bandaríkin hið mikla átak sitt til stuðnings endurreisnar Evrópu og afnáms hafta

í viðskiptum innan álfunnar sem kennt er við George Marshall. Samhliða því átaki kom svo til sögunnar sú viðskiptasamvinna innan álfunnar sem Evrópusambandið, EFTA og Evrópska efnahagssvæðið eru sprottin úr.

Allir þessir viðburðir hefðu átt að vera mikið gleðiefni fyrir Íslendinga og uppörvun til að móta þá stefnu í landinu sem svaraði til hinna nýju viðhorfa. Með því hefði þráðurinn verið tekinn upp frá þriðja áratugnum þegar leitast var eftir því umhverfi efnahagsmála sem fullvalda ríki þurfti á að halda. Annað varð þó uppi á teningnum. Íslendingar fylgdust ekki lengur eins vel með því sem var að gerast í nálægum löndum og þeir áður höfðu gert. Þeir horfðu ekki út til þátttöku í alþjóðasamskiptum, heldur inn á við til margvíslegra framkvæmda, þeir komu ekki auga á mikilvægi alhliða viðskiptasamninga, heldur leituðu tvíhliða samninga við ríki Austur-Evrópu og gömlu markaðslöndin við Miðjarðarhaf. Þeir gerðust að vísu aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en héldu hlutdeild sinni í sjóðnum í lágmarki og brugðust illa við þegar gengi krónunnar kom til umræðu eins og reglur sjóðsins mæltu fyrir um. Eini stjórnmalamaður landsins sem sýndi þátttöku í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum skilning og áhuga var Ásgeir Ásgeirsson, síðar forseti, sem hafði verið framarlega í flokki í umræðum um gengismálið tuttugu árum áður. Á Marshallaðstoðina var litið sem uppsprettu fjár til að kosta framkvæmdir í landinu, en reynt að komast undan skuldbindingum um frjáls viðskipti, sem var það markmið sem áætlunin stefndi að. Niðurstaðan varð því sú að Íslendingar urðu viðskila við þá umbyltingu í efnahags- og viðskiptamálum sem varð í Evrópu fyrstu tíu til fimmtán árin eftir styrjöldina og var grundvöllur þess framfararskeiðs sem þá stóð í álfunni.

Það er ekki fyrr en með komu Benjamíns Eiríkssonar til landsins sumarið 1949 og með tillögum hans og Ólafs Björnssonar, prófessors, þar á eftir, að íslenskir stjórnmalamenn fara að verða áskynja um hin nýju viðhorf. Nokkru síðar fara leiðtogar Alþýðuflokksins, og þá einkum Gylfi Þ. Gíslason, að kynnast betur nýjum sjónarmiðum samflokksmanna sinna á Norðurlöndum á því sem var að gerast í álfunni. Þegar Gylfi svo verður viðskiptaráðherra, árið 1956, kemst hann í tæri við þær umræður um viðskiptasamvinnu sem þá voru hafnar á vegum Efnahagssamvinnustofnunarinnar í París, OEEC, og gerir sér þess ljósa grein að án gagngerra umskipta í stjórn efnahagsmála myndu Íslendingar útiloka sig frá aðild að þeirri samvinnu.

Af þessum grunni sprettur viðreisnin 1959. Ísland gerist virkur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og OEEC, lagfærir gengið, stofnar seðlabanka, afnemur viðskiptahöft og lækkar tolla. Jafnframt eru teknar upp viðræður um þátttöku

landsins í hinni verðandi viðskiptasamvinnu í álfunni sem komast í höfn með aðild landsins að EFTA 1969. Má telja að landið hefði þá að fullu lagað sig að þeim nýju viðhorfum sem ríkjandi voru í álfunni, rúmum áratug síðar en aðrar þjóðir Vestur-Evrópu höfðu verið á því sama þróunarstigi. Um leið höfðu þau markmið náðst sem leitað hafði verið eftir á þriðja áratug aldarinnar. Íslenska krónan var orðin aðili að almennu alþjóðlegu myntkerfi, sérstakur seðlabanki var kominn á fót og fjármál ríkisins komin í fastar skorður, samhliða styrkri samræmdri stjórn efnahagsmála af hálfu ríkisstjórnar og seðlabanka.

Þessi hagstæða stefna stóð þó ekki lengi. Miklar sviptingar voru fram undan þegar kom fram á áttunda áratuginn, bæði á erlendum vettvangi og hér innanlands. Bretton Woods kerfið stóðst ekki álag Vietnam stríðsins frekar en gullfóturinn hafði staðist álag heimsstyrjaldarinnar 1914. Myntir heimsins fóru á flot og verðbólga fór úr böndum. Hér á landi varð ekki við verðbólguna ráðið fyrr en almennri verðtryggingu fjárskuldbindinga hafði verið komið á fót upp úr 1980 og traustir samningar verið gerðir á vinnumarkaði þar á eftir. Á þeim erfiða tíma nutum við hins vegar góðs af því viðskiptaöryggi sem aðildin að EFTA hafði veitt okkur.

Í upphafi tíunda áratugarins kom nýtt skref í viðskiptamálum til sögunnar í Evrópu, samruni EFTA og þess bandalags sem byggst hafði á Rómarsamningnum, Evrópusambandið varð til. Við kusum þá, líkt og nágrennandið Noregur, að staðnæmast í eins konar undirdeild sambandsins, Evrópska efnahagssvæðinu, sem upphaflega hafði verið ætlað hlutlausum ríkjum á austur jaðri sambandsins, sem nú þurftu ekki lengur á slíkri sérstöðu að halda þegar kalda stríðinu var lokið. Þetta hafði það í för með sér að við urðum að fullu þátttakendur í frjálsum viðskiptum og frjálsri hreyfingu fjármagns og vinnuafls á milli landa en stóðum utan þeirrar þróunar til sameiginlegs myntkerfis sem aðrar þjóðir sambandsins töldu sér nauðsynlega til staðfestu og öryggis. Eftir þau ósköp sem nú hafa yfir dunið stöndum við í sýnu lakari sporum en við gerðum í upphafi fullveldis árið 1920, án nothæfrar myntar, án eiginlegs bankakerfis og með fjármál landsins í uppnámi.

Í greinargerð með frumvarpi sem Ásgeir Ásgeirsson flutti fyrir hönd gengisnefndar árið 1929 lagði hann áherslu á mikilvægi þess að Ísland fylgdi þeim reglum sem tíðkuðust í alþjóðlegum viðskiptum. Hann segir svo að einhverjir muni sjá eftir hinu gamla myntsambandi Norðurlanda, sem nú orðið geti ekki verið raunverulegt. Það eina myntsamband sem okkur varði nokkru að vera í sé þó samband allra þeirra þjóða sem hafi gullmyntfót. Þeirrar tryggingar og þæginda í gjaldeyris-málum sem slíkri þátttöku fylgi þyrftum við sem fyrst að verða aðnjótandi.

Þessi ummæli voru viðhöfð um gullmyntfótinn. Þau hefðu þó ekkert síður getað átt við um það fyrirkomulag sem efnt var til með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 1944, og á okkar dögum eiga þau að sama skapi við um það myntbandalag sem nágrannarþjóðir okkar hafa stofnað til um evruna. Ég hefi í þessu erindi reynt að gera nokkra grein fyrir því hversu oft og hversu lengi við erum búnir að hika og bíða í þessum málum. Ég held satt að segja að það sé orðið nógu oft og nógu lengi.

Fyrirlestur fluttur í Vísindafélagi Íslands í apríl 2009.

HVAÐA LÆRDÓM MÁ DRAGA AF HAGÞRÓUN OG HAGSTJÓRN Á ÍSLANDI Á 20. ÖLD?

TVÖ ATRIÐI VERÐA mér efst í huga þegar ég velti fyrir mér þessari spurningu, atriði sem raunar eru nátengd. Annað þeirra er hversu slitrótt og erfitt samband okkar við umheiminn hefur verið. Hitt er hversu mikla áherslu við höfum lagt á öflun framleiðslutækja og hvers konar framkvæmdir en látið undir höfuð leggjast að búa efnahagslífinu það almenna umhverfi góðra stjórnarháttanna sem er forsenda traustar hagþróunar.

Tilkoma símans á fyrstu árum heimastjórnar, og stofnun Eimskipafélagsins litlu síðar, eru ljós dæmi skilnings á því hversu mikilvæg samskiptin við umheiminn eru okkar. Það var einnig mikill áhugi fyrir því í upphafi aldarinnar að koma á fjármálatengslum út á við sem eftt gætu framþróun landsins. Í því efni tókst þó miklu ver til en í hinum dæmunum tveimur. Íslandsbanki gegndi ekki hlutverki seðlabanka en hafði þó réttindi til seðlaútgáfu, og sérstaða hans kom í veg fyrir að stofnað yrði til annarra banka. Þetta kom lítt að sök fram að heimsstyrjöldinni fyrri, þegar landið var aðili að myntbandalagi Norðurlanda og krónan á gullfæti. En í upphafi styrjaldar varð að hverfa frá gullinnlausn hér sem annars staðar og upplausn í fjármálum og verðbólga umfram það sem var í nágrannalöndum fylgdi í kjölfarið. Allan þriðja áratuginn glímdu menn hér á landi við að rétta af fjármál ríkisins, koma íslensku krónunni á fastan grundvöll og efla bankakerfi sem þjónaði atvinnulífinu innan vébanda stöðugleikans. Ekkert af þessu tókst nægilega vel. Samkomulag náðist ekki um það hvernig koma skyldi krónunni á gullfót þegar nágrannaþjóðir okkar tóku það skref, eiginlegum seðlabanka var ekki komið á fót þegar Landsbankanum var umbreytt árið 1927, og meiri áhersla var lögð á verklegar framkvæmdir en á fjárhagslega eflingu í góðærinu í lok áratugarins. Þegar kreppan skall yfir var landið óviðbúið áföllum og talið var nauðsynlegt að grípa þegar í stað til gjaldeyris- og innflutningshafta svo standa mætti í skilum út á við.

Jafnframt héldu Íslendingar föstu gengi við sterlingspundið en báru ekki gæfu til að fylgja fordæmi annarra Norðurlanda sem létu myntir sínar fljóta í fyrstu en tengdu þær síðan von bráðar við sterlingspundið á gengi sem var atvinnuvegum þeirra hagstætt. Hefði sérstakur seðlabanki verið starfandi hér á landi, sem haft hefði náíð samband við aðra norræna seðlabanka, mætti ætla að önnur stefna hefði verið valin.

Ekki tókst betur til í lok heimsstyrjaldarinnar síðari. Íslendingar áttuðu sig ekki á þeim áformum um alþjóðlega viðreisn og samvinnu sem efst voru á baugi. Þeir tóku að vísu þátt í Bretton Woods ráðstefnunni og gerðust aðilar að Alþjóðagjald-eyrissjóðnum, en kusu landinu svo lága hlutdeild í sjóðnum að þátttakan gat ekki komið að gagni. Áhugi var enginn fyrir aðild að alþjóðasamtökunum um tolla og viðskipti (GATT) sem landinu stóð til boða við stofnun þeirra árið 1948. Áherslan var öll lögð á hina svokölluðu nýsköpun, kaup fiskiskipa, byggingu síldarverk-smiðja og frystihúsa, rafvirkjanir og rafvæðingu. Þegar Marshallaðstoðin svo kom til sögunnar þáði landið með þökkum lánveitingar til margvíslegra framkvæmda, en kom sér undan skuldbindingum um frjálsa verslun og stöðugleika hagstjórnar, sem þó voru megintilgangur aðstoðarinnar.

Það var ekki síst vegna þeirrar stefnu í efnahagsmálum sem fylgt var í Evrópu eftir styrjöldina, stefnu frjálsa viðskipta og staðfastrar hagstjórnar, að þau ár urðu skeið mikillar velgengni. Um leið urðu þessi ár upphaf þeirrar nánú samvinnu þessara ríkja sem að lokum leiddi til stofnunar Evrópusambandsins. Það var hins vegar ekki fyrir en í lok sjötta áratugarins að Íslendingar tengdust þessari þróun, komu á fót styrkri stjórn efnahagsmála, opnuðu landið fyrir erlendum viðskiptum og gerðust virkir aðilar í alþjóðlegri samvinnu. Þegar Ísland hafði gengið í Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA), árið 1970, mátti heita að landið væri komið á það stig sem aðrar þjóðir Vestur-Evrópu höfðu náð tíu til fimmtán árum áður.

Um þetta leyti, í upphafi áttunda áratugarins, breytist hins vegar veður í lofti á alþjóðavísu. Alvarlega efnahagskreppa kemur til sögunnar, olíuverð hækkar úr hófi, styrk efnahagsstjórn lætur undan síga, verðbólga eykst og Bretton Woods gjaldeyriskerfið líður undir lok. Á Íslandi verða einnig umskipti þegar ný ríkisstjórn slakar á stjórn efnahagsmála og fyrri áherslur á efli togaraflotans eru á ný settar í fyrrúm. Tökum er ekki náð á nýju verðbólgu skeiði fyrir en með almennri verðtryggingu fjárskuldbindinga og þeirri þjóðarsátt um kaupgjaldsmál sem henni fylgdi nokkrum árum síðar.

Um sama leyti og þetta gerist hér á landi, það er snemma á tíunda áratugnum, er komið að þáttaskilum í samvinnu Evrópuríkja – Evrópusambandið stofnar til

fullilega frjáls innri markaðar, með þátttöku flestra þeirra ríkja sem áður tilheyrðu EFTA. Íslendingum stendur þátttaka til boða, en þeir kjósa, ásamt Norðmönnum, að takmarka aðild sína við undirdeild sambandsins, Evrópska Efnahagssvæðið (EES), sem ekki náði til samvinnu Evrópusambandsins í gengis- og gjaldeyris- málum, sem leiddi til sameiginlegrar myntar innan Myntbandalags Evrópu. Sú ákvörðun skildi íslensku krónuna eftir í lausu lofti án þess að síðar meir tækist að finna henni haldbæra festu. Jafnframt var samræmd stjórn efnahagsmála smátt og smátt látin fyrir róða eftir því sem leið á áratuginn og nýja öldin tók við. Um leið óx fyrri áherslum á framkvæmdir fiskur um hrygg, í þetta sinn í mynd stórvirkjana og aukins húsnæðis.

Þetta er í stuttu máli sagan um fjarlægðina frá umheiminum, um stórhugann í framkvæmdum og sinnuleysið í hagstjórn. Að við Íslendingar séu eyjarskeggjar getur víst ekki farið á milli mála.

Grein birt í 2. tölublaði, 47. árgangi Sögu, 1, janúar 2009.

FORSENDUR VIÐREISNAR

Á ÁRUNUM 1959 TIL 1971 var ráðist í viðameiri umbætur á stjórn efnahagsmála á Íslandi en dæmi voru um hér á landi. Hér verður leitast við að greina helstu forsendur sem lágu til þess að í róttækar endurbætur var ráðist af meiri harðfylgni og með betri árangri en áður. Ekki er áætluin að segja sögu viðreisnar, þeirra margþættu umbóta sem gerðar voru á stjórn efnahagsmála í tíð ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks á þessum árum. Ekki verða heldur rakin í einstökum atriðum þau áform sem uppi voru, framkvæmd þeirra og niðurstöður.

Frelsi í stað verndar

Það er stundum litið svo á að stefna frjálsræðis á innlendum mörkuðum og í viðskiptum landa á milli hafi komið til skjalanna í Evrópu þegar í styrjaldarlok. *La deuxième belle époque*, eins og sá tími hefur verið nefndur, hafi sprottið fram úr styrjöldinni eins og Aþena úr höfði Seifs. En þetta var ekki svo. Þvert á móti má telja að þær fyrirætlanir sem mótuðust á styrjaldarárunum og í styrjaldarlokin hafi í flestum eða öllum löndum Vestur-Evrópu borið blæ þeirra hugmynda um afskiptasama opinbera stjórn efnahagsmála sem fram höfðu komið á kreppuárunum fyrir styrjöldina. Þar við bættist að víðtæk og bein opinber stjórnun í flestum greinum, sem tíðkast hafði á meðan á styrjöldinni stóð, var ekki felld niður í einu veffangi heldur hélst víðast hvar í veigamiklum atriðum út fimmta áratuginn og jafnvel fram á þann sjötta. Opin og mikil viðskipti á milli landa voru ekki áhersluatriði í Vestur-Evrópu í styrjaldarlok. Í raun fékkst hvert land um sig við að móta áætlanir um fulla atvinnu og aukna velferð án ráðagerða um frjáls og aukin viðskipti sín á milli. Það er ekki fyrr en Marshall-áætlun Bandaríkjanna kemur til sögunnar sem þessi viðhorf breytast með róttækum hætti, en um sama

leyti koma hugmyndir Ludvigs Erhards um félagslegan markaðsbúskap til framkvæmda í Þýskalandi og fyrstu drögin eru lögð að þeirri samvinnu helstu meginlandsríkjanna sem leiddu til Rómarsamningsins.

Ísland fylgdi ekki straumnum

Þær hugmyndir um nýsköpun atvinnulífsins á grundvelli beinna opinberra aðgerða sem urðu til hér á landi á styrjaldarárunum, og þær tillögur um viðtæk opinber afskipti til að framkvæma þær fyrirætlanir sem hagfræðinganefndin svokallaða lagði til árið 1946, voru ekki í ósamræmi við það sem efst var í baugi í nágrannalöndum okkar um sama leyti. Þegar til veðrabrigðanna kemur erlendis, fylgja Íslendingar hins vegar ekki með straumnum. Þeir koma sér undan því að hlíta skilyrðum Marshallaðstoðarinnar um frjálsa verslun og láta kröfur um rétta gengisskráningu sem þátttaka í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum byggðist á sig engu skipta. Þáttaskil verða ekki hér á landi fyrr en með heimsókn Benjamíns Eiríkssonar 1949, en þá sannfærðust leiðtogar Sjálfstæðisflokksins, þeir Ólafur Thors og Bjarni Benediktsson, um gildi hinna nýju viðhorfa, sem raunar voru í góðu samræmi við upphaflega stefnu flokks þeirra. Jafnframt verður Ólafur Björnsson, prófessor, samstarfsmaður Benjamíns við athuganir og tillögur um efnahagsmál og eindreginn talsmaður nýrrar stefnu, en slíka afstöðu hafði hann ekki talið tímabæra er hann átti sæti í hagfræðinganefndinni nokkrum árum áður. En sinnaskiptin urðu að ná lengra en til borgaralegra stjórnmalaflokka og samtaka vinnuveitenda, ef að gagni áttu að koma. Þau þurftu að ná til stjórnmalaflokka á vinstri vængnum og, að minnsta kosti að einhverju leyti, til samtaka verkalyðs og annars launafólks. Þetta tók hins vegar sinn tíma.

Gylfa snýst hugur

Í bók sinni *Vidreisnarárin* segir Gylfi Þ. Gíslason að um miðjan sjötta áratuginn hefðu ný sjónarmið tekið að festa rætur innan Alþýðuflokksins í kjölfar þeirrar þróunar sem átt hafði sér stað í nágrannalöndum okkar. Flokkar jafnaðarmanna hefðu þá verið farnir að líta öðrum augum á gildi markaðsbúskapar og frjálsra viðskipta sem og á hlutverk ríkisins í efnahagsmálum en áður hafði verið gert. Það má fara nærri um að tengsl Alþýðuflokksins við bræðraflokkana á Nordurlöndum og samskipti við forráðamenn þeirra flokka hafi stuðlað að þessari breytingu. En einnig skipti það miklu að Gylfi Þ. Gíslason, sá ráðherra í stjórn

Hermanns Jónassonar er annaðist málefni OEEC, komst í nána snertingu við þær viðræður sem fram fóru í París um sameiginlegt viðskiptasvið álfunnar og var annnt um að Ísland yrði ekki utangarðs í þeim fyrirætlunum. Um þetta segir Gylfi í fyrrnefndri bók sinni: „Ég gerði mér ljóst að haftabúskapurinn hér heima myndi valda einangrun landsins frá Evrópu og skaða hagsmuni Íslands, þegar til lengri tíma væri litið. Þetta stuðlaði að því, að ég varð fylgismaður algjörRAR stefnu-breytingar.“ Þessi breyting á viðhorfum Alþýðuflokksins náði þó fyrst og fremst til stjórnámálaleiðtoga flokksins en síður til forustumanna í verkalyðshreyfingunni. Þeir síðarnefndu stóðu í harðri baráttu við sósíalista innan hreyfingarinnar og áttu erfitt með að taka aðra afstöðu en hefðbundin var innan samtakanna. Eigi að síður var það þessi breyting á viðhorfum Alþýðuflokksins sem varð ein helsta forsenda viðreisnar.

Margfalt gengi

Næsta forsenda sem ég vil draga fram í dagsljósið er þróun sjálfs uppbóta og gjaldakerfisins, hinnar svokölluðu millifærsluleiðar, sem fylgt hafði verið allt frá stríðslokum. Þessi leið hafði fyrst komið til umræðu hér á landi upp úr 1930, snemma í heimskreppunni, og sú umræða átt upptök sín á jafnólíklegum stað og Verslunarráði Íslands, sem nú nefnist Viðskiptaráð, en þau samtök voru þá mjög andsnúin lækkun gengisins. Þessum hugmyndum var þá hafnað með góðum og gildum rökum af hálfu bæði Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks og gengi krónunnar að lokum lækkað árið 1939. Í stríðslok, þegar erfiðleikar blöstu við á erlendum mörkuðum, kom til skjalanna ríkisábyrgð á fiskverði, auk annarrar aðstoðar við útveginn, og von bráðar sérstakar ívilnanir um sölu gjalddeyris til innflutnings munaðarvöru, hinir svokölluðu gotupeningar eða bátagjaldeyrir. Þetta fyrirkomulag hvarf úr sögunni með gengislökkuninni árið 1950, en innlendar kostnaðarhækkunar leiddu fyrr en varði til þess að bátagjaldeyrir var tekinn upp að nýju. Upp úr því var ýmiss konar opinber aðstoð við sjávarútveginn aukin hvað eftir annað og fyrir hana greitt með álögum á innflutning.

Óhagkvæm framleiðsla styrkt

Með tilkomu vinstri stjórnarinnar árið 1956 var aðstoðinni komið fyrir í umfangsmiklum opinberum sjóði, Útflutningssjóði, og kerfið allt aukið og fullkomnað. Segja má að það hafi á lokastigi sínu komist nærri því að fullnægja þeirri

kröfu sósíalísmans að hver og einn skyldi fá eftir þörfum sínum en greiða eftir getu sinni. Miklir samningar stóðu yfir árlega um jól og áramót þar sem samið var við útvegsmenn um uppbætur á hverja tegund framleiðslu um sig á næsta ári. Tóku þær uppbætur tillit til framleiðslukostnaðar annars vegar en áætlaðs útflutningsverðs hins vegar, og miðuðu að því að sérhver framleiðslugrein næði endum saman. Hæstu bæturnar voru greiddar fyrir sumarveidda smáýsu, en sú veiði var stunduð á línu og færi við Eyjafjörð og á Suðurnesjum, aflinn saltaður, en varan lítills metin á erlendum mörkuðum. Afurðir togveiða fengu bætur í mun minna mæli en afurðir línu- og netaveiða, en hvalaafurðir hlutu engan stuðning. Fjár til greiðslu uppbótanna var svo aflað með álögum á innflutning, sem voru misháar eftir því hversu nauðsynleg varan taldist.

Auk þess að ýta undir óhagstæða framleiðslu, var vandi kerfisins sá að til þess að afla nægilegra tekna þurfti innflutningur að vera mikill á vörum sem ekki töldust til nauðsynja og því hafði verið reynt að halda niðri með innflutningshöftum. Það var í raun ekki unnt að ná jafnvægi í rekstri Útflutningssjóðs nema með miklum innflutningi og þar af leiðandi halla á viðskiptajöfnuði. Þetta var svo þrátt fyrir ærnar tekjur af varnarliðinu, sem ekki nutu uppbóta. Hallann þurfti að jafna með erlendum lánnum sem ekki var við þessar aðstæður unnt að afla á fjármagnsmörkuðum eða hjá alþjóðastofnunum. Þrautalendingin var því að leita eftir lánsfé hjá velviljuðum erlendum ríkisstjórnnum í vestri og austri.

Upp úr miðjum sjötta áratugnum hafði þetta kerfi verið teygt til þess ýtrasta. Öllu lengra var ekki unnt að ganga. Raunar hafði vinstri stjórnin sjálf vorið 1958 leitast við að einfalda kerfið og gera það lítið eitt hagfelldara, en þetta hafði jafnframt leitt til vísitöluhækkana sem svo aftur, vegna tengingar launa við vísitölu, hlutu að leiða til nýrrar hækkunar framleiðslukostnaðar um haustið. Önnur forsenda viðreisnar var því sú að millifærsluleiðin var komin í þrot og það kallaði á grundvallarbreytingar.

Verkalýðsforystan úr leik

Þriðja forsendan sem ég vil gera að umræðuefni er sú breyting sem verður á samskiptum stjórnvalda og verkalýðshreyfingar við endalok ríkisstjórnar Hermanns Jónassonar 1958. Sú skoðun hafði náð æ meiri fótfestu hér á landi að varanlegar umbætur á stjórn efnahagsmála gætu ekki náðst nema í samráði á milli stjórnvalda og verkalýðshreyfingar. Þessi skoðun átti rót sína að rekja til reynslu kreppuáranna þegar illvíg átök höfðu orðið á vinnumarkaði og leiðrétting

gengis hafði dregist um mörg ár. Á styrjaldarárunum hafði svo hinn svokallaði skæruhernaður verkalýðsfélaga gert að engu tilraunir stjórnvalda til þess að stöðva víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds. Nýsköpunarstjórnin, sem báðir þeir flokkar sem tengdust verkalýðshreyfingunni stóðu að undir forustu Sjálfstæðisflokksins, fól í sér tilraun til þeirrar samstöðu sem leitað var eftir. Harkaleg átök á vinnu- markaði árið 1955 stuðluðu svo að því að vinstri stjórn var mynduð undir forustu Hermanns Jónassonar að loknum kosningum 1956 og að sú stjórn gerði tengslin við verkalýðshreyfinguna beinlínis að grundvelli tilveru sinnar. Í málefna- samningi stjórnarinnar var kveðið svo á að haft skyldi samráð við launþegasamtökin um dýrtíðar og kauplagsmál. Var því ákvæði dyggilega fylgt eftir, enda var sjálfur forseti Alþýðusambandsins, Hannibal Valdimarsson, félagsmálaráðherra í stjórninni. Þegar svo var komið haustið 1958 að nauðsyn bar til að setja hemil á víxlhækk- anir launa og verðlags, sem leitt höfðu af umbótum á uppþótakerfinu vorið áður, lagði forsætisráðherrann, Hermann Jónasson, það til í ríkisstjórn að leitað yrði samþykkis launþegasamtaka til að fresta um einn mánuð 17 stiga hækkun kaup- greiðsluvísitölu sem átti að taka gildi 1. desember. Samkomulag um þetta náðist ekki í ríkisstjórn, en Hermann fékk því framgengt að hann fengi að koma sjálfur á þing Alþýðusambandsins, sem þá stóð yfir, og leggja málið fram. Hann lagði þar með höfuðið á höggstokkinn, eins og hann sjálfur komst að orði, þar sem hann lýsti því ótvírætt yfir að neitun þingsins myndi leiða til afsagnar hans sem forsætis- ráðherra. Nokkrum dögum síðar baðst hann lausnar eftir að beiðninni hafði verið hafnað. Þessir atburðir ollu tímamótum.

Neitun ASÍ á frestun kauphækkunar um einn mánuð, á meðan frekari við- ræður á alvarlegri stöðu efnahagsmála færu fram, dæmdu launþegasamtökin úr leik. Það var bersýnilegt að lausn efnahagsvandans gat ekki grundvallast á sam- ræðum og samkomulagi við þau, heldur yrði að ná fram að ganga án þeirra fulltingis. Þegar til kom ári síðar að móta stefnu viðreisnarstjórnarinnar í launa- málum kom ekki annað til álita en að fella niður tengingu kauplags við vísitölu verðlags með beinum fyrirmælum laga án nokkurs samráðs við aðila á vinnu- markaði. Þetta gekk mun lengra en gert hafði verið við gengislækkunina 1950, en þá hafði einmitt komið í ljós hversu fljótt samtenging launa við verðlags- vísitölu gróf undan áhrifum gengisbreytinga. Nú var hinsvegar reynt að draga úr skerðingu lífskjara með hækkun bóta almannatrygginga og lækkun tekjuskatts, án þess að nokkurt samráð væri haft við verkalýðsfélögin um þau mál frekar en um kaupgjaldsmálin.

Seðlabanki sér um gengisskráningu

Svo virðist sem afsögn Hermanns Jónassonar hafi komið forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar á óvart. Þeir hafi ekki lagt á það trúnað að hann myndi standa við yfirlýsingar sínar. Tilraunir voru fljótlega gerðar til þess að endurreisa stjórnina, sem ekki báru árangur, enda var myndun minnihlutastjórnar Alþýðuflokksins þegar komin á rekspól. Ekki kom til þess að ráðist yrði til atlögu af hálfu verkalýðsfélaganna á þær aðgerðir sem sú stjórn stóð fyrir, né heldur, fyrst í stað, á aðgerðir viðreisnarstjórnarinnar sjálfrar. Það er ekki fyrr en á útmánuðum 1961, ári eftir að viðreisnin hafði komið til sögunnar og jákvæð áhrif hennar voru farin að koma í ljós, að verkalýðshreyfingin lét til skarar skriða. Að loknu stuttu verkfalli var í júnímánuði samið um kauphækkun sem nam rúmum 13 prósentustigum. Ríkisstjórnin hopaði þó ekki, heldur kallaði saman þingflokka sína til fundar um mitt sumar, og gaf að svo búnu út bráðabirgðalög þann 1. ágúst sem fólu nýstofnuðum seðlabanka ákvörðun gengis í stað Alþingis, en bankinn lækkaði gengið daginn eftir um svipaðan hundraðshluta og kauphækkunin fyrr um sumarið hafði numið.

Nýtt samráð

Þessi skjótu og einbeittu viðbrögð komu í veg fyrir að viðreisnin færi út um þúfur á öðru ári vegferðar sinnar. En togstreitunni um stjórn efnahagsmála á milli ríkisstjórnar og verkalýðshreyfingar var þó engan veginn lokið. Frjálsir samningar á vinnumarkaði voru sem fyrr í gildi og verkalýðshreyfingin beitti styrk sínum til að neita að gera samninga nema til skamms tíma, jafnvel svo skamms tíma að lítill munur var á slíkum launasamningum og sjálfkrafa tengingum við vísitölu verðlags. Að sínu leyti hafði ríkisstjórnin hins vegar uppi fyrirætlanir um róttækar breytingar á fyrirkomulagi kjarasamninga. Í odda skarst í lok október 1963 þegar ríkisstjórnin lagði fram frumvarp á Alþingi sem ætlað var að koma í veg fyrir hækkanir kauplags og verðlags til áramóta. Þetta frumvarp var dregið til baka samkvæmt samkomulagi þeirra Ólafs Thors og Eðvarðs Sigurðssonar, eins og frægt er orðið, en verkföllum jafnframt frestað um nokkurn tíma. Þessar sættir urðu svo upphaf að viðræðum á milli fulltrúa ríkisstjórnar, verkalýðshreyfingar og vinnuveitenda á næstu mánuðum sem leiddu til hins svokallaða júnísamkomulags 1964. Þar var fallist á að tengja kauplag að nýju við vísitölu framfærslukostnaðar samfara hóflegum launasamningum til eins árs, sem fólu í sér nokkra tilfærslu frá eftirvinnukaupi til dagkaups. Um leið var sérstöku átaki í húsbyggingum

láglaunafólks hrundið af stað. Í kjölfar þessara samninga fylgdu áframhaldandi samráð um kaup og kjaramál allt til loka viðreisnaráranna 1971.

Þegar leitað er skýringa á því að þessi árangur skyldi nást verður að líta aftur til ársins 1961. Ný gengislækkun eftir að launahækkanir höfðu verið knúnar fram hafði þá sýnt svo ekki varð um villst að ríkisstjórnin myndi halda stefnu sinni til streitu. Á hinn bóginn hafði verkalýðshreyfingin sýnt mátt sinn með því að fallast ekki á kjarasamninga nema til skamms tíma. Festa beggja aðila hafði með öðrum orðum knúð fram skynsamlega sáttargerð. Sú sátt stóð allan síðari hluta viðreisnartímans og var ein helsta skýring þess að vel tókst til í viðureign við þá örðugleika sem um þetta leyti steðjuðu að vegna aflabrests og verðfalls á erlendum mörkuðum.

Niðurstaða

Hér hafa verið rakin þrjú mikilsverð atriði sem voru forsendur þess að viðreisnin kom til sögunnar og náði fram að ganga:

1. Skoðanaskipti í Alþýðuflokknum, ekki síst vegna áhrifa erlendis frá
2. Endanlegar ógöngur millifærslukerfisins
3. Upphaf samskipta ríkis og verkalýðshreyfingar sem byggðust á gagnkvæmri viðurkenningu

Allt eru þetta meginatriði stjórn málalegs og efnahagslegs eðlis. Við þau verður þó að bæta öðrum atriðum sem eru kerfisleg, það er fela í sér breytingar á því umhverfi stofnana sem stjórn efnahagsmála hvílir á. Þar ber fyrst að nefna stofnun sérstaks seðlabanka sem að fullu var skilinn frá hlutverki viðskiptabanka og hafði með höndum yfirstjórn peninga- og gengismála í samráði við ríkisstjórn, ásamt eftirliti með starfsemi fjármálastofnana. Þetta hafði ekki verið gert 1950, enda þótt slík breyting hefði upphaflega verið hluti af tillögum Benjamíns Eiríkssonar og þegar verið á dagskrá á dögum Skipulagsnefndar atvinnumála á árunum fyrir styrjöldina. Mikilvægi þessarar umbótar kom í ljós þegar á fyrsta ári viðreisnar er nauðsynlegt reyndist að lækka gengið að nýju, eins og áður er vikið að.

Annað atriði var að koma á fót stofnun er fylgst gæti náð með þróun efnahagsmála og verið ríkisstjórn staðfastlega til ráðuneytis í þeim efnum. Þetta var fyrst í stað gert með stofnun efnahagsráðuneytis sem skömmu síðar var breytt í Efnahagsstofnun er heyrði undir forsætisráðherra og starfaði í nánú samráði við seðlabanka og ráðuneyti, ekki síst fjármála- og viðskiptaráðuneyti. Þriðja atriðið

af þessu tagi var sú ákvörðun að hefja umbæturnar í náinni samvinnu við alþjóðastofnanir, það er Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) og Efnahagssamvinnustofnun Evrópu (OEEC), sem um þessar mundir var að breytast í Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunina (OECD). Þetta hafði ekki verið gert við gengislækkunina 1950, sem leiddi til þess að ekki reyndist unnt að fella niður höft eins mikið og fljótt og æskilegt hefði verið vegna skorts á nægum gjaldeyrisforða. Nú sáu þessar stofnanir fyrir þeim varasjóði er nægði til þess að frjáls innflutningur og gjaldeyrisviðskipti gætu þegar orðið að veruleika, auk þess sem nán tæknileg samvinna við stofnanirnar báðar kom að góðum notum. Um leið varð landið virkur aðili að báðum þessum alþjóðastofnunum, gerði markmið þeirra að sínum og kappkostaði að fylgja settum reglum. Samhliða þessu opnaðist leiðin til þess að Ísland gæti orðið þátttakandi í þeim viðskiptalega samruna Evrópuríkja sem þá var hafinn.

Grein rituð í 14. og 15. tölublað Vísendingar í apríl 2009.

AÐLÖGUN ÍSLANDS AÐ ALÞJÓÐLEGRI EFNAHAGSSAMVINNU AÐ LOKINNI SÍÐARI HEIMSSTYRJÖLD

ÁRIÐ 1935, í heimskreppunni miðri, starfaði þekktur sænskur hagfræðingur, Erik Lundberg að nafni, um nokkurt skeið hér á landi á vegum Skipulagsnefndar atvinnumála. Í tímaritsgrein sem hann skrifaði um veru sína benti hann á að aðgerðir til að komast út úr kreppunni miðuðust hvarvetna við hvert þjóðríki um sig, en næðu ekki til alþjóðlegra samskipta. Þetta væri sérstaklega bagalegt fyrir lítið land eins og Ísland. Í raun væri eina raunverulega lausnin á vanda Íslands sú að eðlileg verkaskipting kæmist á þjóða á milli með samkomulagi um frjáls viðskipti. Þess gæti þó orðið langt að bíða að slík skipan kæmist á.

Þessi ábending fól vissulega í sér kjarna málsins. Þess hefði því mátt vænta að Íslendingar gripu fegins hendi þau færi til alþjóðlegrar samvinnu um viðskipti og skipan gjaldeyrismála sem komu til sögunnar í lok styrjaldarinnar og á árunum þar á eftir. Þegar árið 1944 efndu Bretar og Bandaríkjamenn til fundar með bandamönnum sínum um skipulag gjaldeyrismála og alþjóðlegra fjármála í Bretton Woods í Bandaríkjunum, en sá fundur leiddi til stofnunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. Almennt samkomulag um viðskipta- og tollamál er svo gert á alþjóðlegum grundvelli á ráðstefnu í Havanna árið 1948 og alþjóðastofnunin GATT (nú WTO) sett á fót til þess að fylgja þeim málum eftir. Um sama leyti hefst nán samvinna Evrópuríkja um aukningu viðskipta undir forustu Bandaríkjamanna sem lögðu því máli lið með ríflegum fjárhagslegum stuðningi, Marshallaðstoðinni. Um leið er sett á fót sérstök stofnun, Efnahags-samvinnustofnun Evrópu, OEEC, sem fylgdi eftir samkomulagi um afnám gjald-eyris- og viðskiptahafta í áföngum. (Þeirri stofnun var síðar breytt í Efnahags- og framfarastofnunina, OECD). Af þessum grunni sprettur svo æ nánari viðskiptaleg samvinna innan Evrópu sem leiðir til Rómarsamningsins og sameiginlegs markaðar sexveldanna svo nefndu árið 1956, sem var upphaf Evrópusambandsins, og

Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) árið 1959, eftir að tilraunir til að ná samstöðu um ein samtök fyrir alla álfuna höfðu mistekist.

Það stóð Íslendingum opið að taka þátt í þessari þróun. Þeir áttu fulltrúa á Bretton Woods fundinum og gerðust aðilar að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, en völdu í sparnaðarskygni að halda hlut sínum í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hinum svokallaða kvóta, í slíku lágmarki að aðildin gat ekki komið að raunverulegum notum. Auk þess var tillögum stjórnar sjóðsins um skráningu gengis, sem hann gerði til allra aðildarríkja sinna, með öllu vísað á bug hér á landi. Sömuleiðis áttu Íslendingar fulltrúa á stofnfundi GATT, en höfnuðu aðild að samtökunum. Þegar Marshallaðstoðin kom til sögunnar voru Íslendingar með í leiknum. Þeir gerðust aðilar að OEEC og þáðu fjárhagslega aðstoð sem beint var til ýmiss konar verklegra framkvæmda, en veigruðu sér hins vegar við skuldbindingum um afnám gjaldeyris- og viðskiptahafta. Þeir tóku einnig þátt í viðræðum um viðskiptasamvinnu sem haldnar voru á vegum OEEC, en freistuðu ekki inngöngu í EFTA, sem raunar hefði ekki getað komið til sögunnar á þessum tíma vegna deilunnar um fiskveiðilögsöguna.

Þegar leið að lokum sjötta áratugarins stóðu Íslendingar því enn í svipuðum sporum og þeir höfðu staðið fyrir styrjöldina. Ströng viðskipta- og gjaldeyrishöft voru í gildi, viðskipti byggðust að miklu leyti á tvíhliða samningum, íslenska krónan var ekki gjaldgeng mynt og lánstraust erlendis var ekki fyrir hendi. Á þessu verður ekki breyting fyrr en með hinni svokölluðu viðreisn árið 1960. Fullt samstarf er þá tekið upp við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og OEEC, gengi krónunnar er leiðrétt og gjaldeyris- og innflutningshöft afnumin. Viðræður við GATT hefjast árið 1961 og leiða til bráðabirgðaaðildar 1964 og fullrar aðildar 1967. Tengslin við EFTA og sameiginlega markaðinn koma til ítarlegra viðræðna frá og með árinu 1961, og leiða til aðildar að EFTA árið 1970. Má þá heita að þeirri umþóttun gengis-, gjaldeyris- og viðskiptamála væri lokið hér á landi sem aðrar þjóðir Vestur-Evrópu höfðu hrint í framkvæmd á fyrstu tíu til fimmtán árunum eftir styrjöldina en tekið hafði tuttugu og fimm ár á Íslandi.

ILLUGI JÖKULSSON

HÖFT OG KREPPA

Það er auðvitað nærtækt en samt á margan hátt villandi að draga samasem-
merki milli kreppunnar á fjórða áratugnum og þess sem við erum að ganga í
gegnum núna. Ástæður og framgangur kreppunnar þá voru af öðru tagi en krepp-
an nú.

Helsti lærdómurinn sem nú má draga af þeirri kreppu sem geisði þegar ég var
ungur maður snýst um úrræðin; að við megum alls ekki bregðast við með því að
reisa utan um okkur höft og varnarmúra sem munu tefja efnahagsbatann gríðar-
lega ef slík verður niðurstaðan í of langan tíma.“

*Sá sem hér mælir hefur vit á hlutunum. Jónas Haralz lifði ekki bara „krepp-
una miklu“ á fjórða áratugnum og eftirköst hennar, heldur er hann vel lærður
í hagfræði, þrautreyndur bankastjóri hér heima og virkur þátttakandi í alþjóð-
legu samstarfi.*

*Og hann átti mikinn þátt í að Íslendingar létu loks af þeirri haftastefnu sem
hér var tekin upp í kjölfar kreppunnar miklu.*

*Þótt Jónas sé kominn á efri ár stundar hann enn margvísleg störf á sínu sviði
og vakti mikla athygli þegar hann kom fram í Silfri Egils síðastliðið haust [2008]
og mælti þar með þátttöku í Evrópusambandinu og evrunni sem eina nothæfa
úrræði okkar Íslendinga til að byggja upp nýtt efnahagskerfi eftir bankahrunið.*

„Eitt af því sem er ólíkt með kreppunni þá og hruninu nú er aðdragandinn.
Núna byrjaði lánsfjárkreppan vissulega 2007 en svo verður þetta algjöra hrun í
einu vefangi haustið 2008.

Kreppan mikla hegðaði sér öðruvísi. Erlendis hófst hún með kauphallarhruni í
Bandaríkjunum haustið 1929, en það hafði í fyrstu lítil áhrif hér á landi.

Á fyrri hluta ársins 1930 féll Íslandsbanki en það stafaði ekki af alþjóðakreppunni,

heldur öðrum ástæðum. Hrun bankans var áfall en eigi að síður minnst ég ársins 1930 fyrst og fremst sem árs gleði og bjartsýni.

Ég var vissulega bara barn að aldri þá en ég hefði áreiðanlega skynjað það ef ótti hefði ríkt í samfélaginu.

En þetta ár héldum við Íslendingar Alþingishátíðina og lögðum mikla áherslu á að bjóða hingað erlendum gestum og gera hátíðina sem glæsilegasta.

Það var beinlínis tilgangur hennar að sýna fram á að við Íslendingar værum komnir í hóp nútímapjóða og allir lögðust á eitt um að gera hátíðina sem best úr garði.

Það tókst líka með miklum sóma þó ég minnst klaufalegra mistaka sem urðu þegar fulltrúar erlendra ríkja voru að flytja ávörp sín.

Um leið og fulltrúarnir töluðu voru fánar ríkja þeirra dregnir að húni. Skátarnir höfðu verið fengnir til að annast þetta enda voru þeir taldir kunna manna best að fara með fána.

En þegar fulltrúi Dana steig í ræðustól brá svo við að fáni Austurríkis var dreginn að húni. Þetta þótti neyðarlegt en skýringin var náttúrulega sú að fánar bæði Danmerkur og Austurríkis eru rauðir og hvítir og einhver skátinn hafði ruglast á þeim samanbrotnum.

En strax að lokinni ræðu danska fulltrúans baðst Tryggvi Þórhallsson forsætisráðherra, sem var fyrir hátíðinni, afsökunar á mistökunum og rétti fáninn var dreginn við hún.

Þetta var eini hnökrið sem ég man eftir á hátíðinni, annars fór allt frábærlega vel fram og bjartsýni var ríkjandi.

Það var ekki fyrir en 1931 sem kreppan dundi yfir í alvöru. Þá féllu markaðirnir í löndunum í kringum okkur. Ísfiskmarkaðurinn var á Bretlandi og í Þýskalandi, þangað sigldu togararnir með ísfisk á sumrin og haustin, en á vetrarvertíðinni var verkað í salt.

Saltfiskurinn var seldur til Spánar og þar fór verðið að lækka. Togaraútgerðin, sem hafði gengið þokkalega árin á undan, fór nú að tapa.

Það er kannski vert að taka fram að það hefur aldrei verið neinn stórgróði af togarauútgerð á Íslandi, þvert ofan í það sem margir halda.

Svo kom að vísu eitt gott ár, 1933, þegar aflabrögð voru sérlega góð og þá var togarauútgerðin nokkurn veginn í jafnvægi en svo fór aftur að halla undan fæti.

Og atvinnuleysið fór að bíta. Fátæktin varð skelfileg hjá mörgum.

Það sem helst skapaði atvinnuleysið hér á Reykjavíkursvæðinu var að draga varð úr úthaldi togaranna.

Togarafélögin, sérstaklega Kveldúlfur, voru gagnrýnd mikið fyrir að halda ekki togurunum meira úti en útgerðarmenn áttu ekki hægt um vik.

Svo kom síldin í miklu magni 1935. Það voru nokkur góð síldarár í röð og þó verðið væri lágt hjálpaði síldin okkur mikið.

Ástandið úti á landi var tiltölulega mun betra en í Reykjavík. Þar var ekki raunverulegt atvinnuleysi lengst af, nema þá helst á Akureyri.

Það lá bara í hlutarins eðli vegna þess hvernig atvinnulífið var byggt upp. Í smábæjunum úti á landi var samfélagið sveigjanlegra og meiri hreyfanleiki á vinnuafli.

Ég man vel eftir sumrinu 1933, þegar ég var að verða 14 ára og vann sem beit-ingastrákur á Norðfirði. Þá var í rauninni flest þar í góðu gengi.

Gömlu útgerðirnar og gömlu kaupmennirnir, þeir sem höfðu verið aðalvinnuveitendurnir, voru vissulega í vandræðum, en það var komið fram mikið af nýjum litlum fjölskyldufyrirtækjum þar sem menn reyndu að bjarga sér.

Það var hver fjölskylda með sinn bát og sína bryggju eftir allri strandlengjunni og lengst inn í fjörð. Og þarna var verið að verka saltfisk.

Og svo á veturna, þegar ekki var fiskur fyrir austan, þá fóru menn suður á Djúpavog eða Höfn í Hornafirði eða jafnvel alla leið suður í Sandgerði og gerðu bátana út þaðan.

Áfallið fyrir þessa atvinnugrein kom eiginlega ekki fyrr en 1936 þegar borgarastriðið hófst á Spáni og saltfiskmarkaðurinn þar lokaðist. Þá komst allt í voða víða út um landið. Og í rauninni fór ekki að rétta úr kútnum fyrr en í heimsstyrjöldinni.“

Var það ekki mikið andlegt högg þegar kreppan skall á? Eftir bjartsýni Alþingishátíðarinnar og tiltölulega gott árferði á þriðja áratugnum?

„Jú, það breytti ýmsu, ekki síst í stjórn máluum. Kommúnistarnir blómstruðu í kreppunni, það er óhætt að segja. Þeir klufu sig út úr Alþýðuflokknum þegar árið 1930 sem voru mikil tíðindi.

Ég varð fyrir áhrifum frá þessu og varð býsna róttækur.

Mest varð ég fyrir áhrifum frá Eiríki Magnússyni sem var heimiliskennari okkar og nokkurra fleiri fjölskyldna í Laugarnesinu.

Ég sat í rauninni ekki á skólabekk í venjulegum skilningi fyrr en ég kom í menntaskóla. Eiríkur hafði verið að læra guðfræði en gerðist kennari. Hann var ljómandi góður maður og ágætis kennari, en eldheitur kommúnisti.

Jafnframt varð ég fyrir áhrifum frá mági mínum, Erling Ellingsen, seinna flugmálastjóra, en hann var blóðrauður kommi á þessum árum.“

Þótt kommúnistar næðu hér miklu fylgi, þá náði öfgastefnan á hinum væng stjórn-málanna, nasisminn, ekki verulegu fylgi hér. Hver heldurðu að sé ástæðan fyrir því?

„Ja, hvað skal segja? Það kvað vissulega að ungum mönnum í minni kynslóð sem hrifist höfðu af nasismanum, en vissu lítið um hvað raunverulega var að gerast í Þýskalandi, líkt og kommúnistarnir vissu ekki hvernig ástandið var í Rússlandi.

Ég held helst að áhrif þeirra hafi orðið lítil vegna þess að ungir sjálfstæðismenn, einkum í háskólanum, tóku einarða afstöðu með lýðræðinu, og var Jóhann Hafstein þar fremstur í flokki.

Þegar ég settist í menntaskólann 1935 var töluverður uppgangur í nasistunum en vinstribylgjan, sem hafði verið áberandi árin á undan, var þá að fjara út.

Allar kosningar í skólanum voru pólitískar og þegar kom að mínum árgangi að kjósa inspector scholae sameinuðumst við vinstrimennirnir um að fylgja Stefáni Wathne bekkjarbróður mínum sem var hófsamur sjálfstæðismaður og á móti nasistunum.

En þú spyrð um andlegt áfall af kreppunni. Ég held satt að segja að menn hafi borið sig furðu vel. Hjá okkur ungu mönnum ríkti held ég allan tímann bjartsýni og jafnvel eldmóður, við vissum sem var að það var ekkert annað að gera en vinna sig út úr erfiðleikum.

Hugsun okkar var sú að það sem landið skorti umfram allt væri verkleg menntun.

Draumurinn um stórvirkjanir var vaknaður og við þóttumst sjá að þar væru tækifærin.

Við áttuðum okkur á því að útgerðin myndi ekki færa okkur mikið umfram það sem hún hafði gert, landið þyrfti eitthvað nýtt. Félagar mínir flestir fóru af þessum sökum ýmist í nám í verkfræði eða viðskiptafræði og ég sjálfur í efnaverkfræði.

Ef faðir minn hefði lifað hefði ég kannski orðið fyrir meiri áhrifum frá honum og ef til vill endað í guðfræði, en það varð nú ekki.

Raunin varð sú að eftir tveggja ára verkfræðinám skipti ég yfir í hagfræði, ekki síst fyrir áhrif frá Sölva Blöndal sem var við slíkt nám í Svíþjóð.

Hann var nokkrum árum eldri en ég og hafði mikil áhrif á okkur yngri mennina. Sölvi var kommúnisti en ekki sérlega róttækur.

Ég fór í hagfræði fyrst og fremst vegna áhuga á stjórnmálum, en í rauninni varð hagfræðinamið til þess að ég færðist til hægri í stjórnmálum og komst að þeirri niðurstöðu að ekkert skipti meira máli fyrir hagsæld manna en frjáls viðskipti, jafnt innanlands sem þjóða á milli.“

Þannig að það hvarflaði aldrei að ykkur unga fólkinu á fjórða áratugnum að flytja úr landi, eins og menn óttast að gerist nú í stórum stíl?

„Nei, það kom aldrei til greina. Og fyrir því voru mjög einfaldar ástæður. Umheimurinn var okkur lokaður. Það er einn mesti munurinn á aðstæðum þá og nú. Þú gast ekki fengið vinnu neins staðar erlendis, nema þá í Danmörku vegna sambandslaganna. Það var að minnsta kosti afar torsótt.

Ég fór til Svíþjóðar í verkfræði en ég vissi allan tímann að ég ætti ekki möguleika á að fá vinnu þar síðar meir.

Ameríka var eiginlega eini staðurinn sem stóð að einhverju leyti opinn og þar var nú ekki glæsilegt um að litast þegar 25 milljónir manna gengu um atvinnulausar.

Ýmsir fóru samt til Ameríku upp á von og óvon, bróðir minn fór til dæmis þangað til náms en varð að hætta og endaði sem háseti á togara frá Boston. Þar var mikið af Íslendingum á togurum, heilu skipshafnirnar voru íslenskar.

Þetta voru menn sem höfðu farið vestur en lent í kreppunni og leituðu þá á endanum þangað sem þeir þekktu einna best til, en það var í fiskveiðunum.

Þessi bróðir minn hafði reyndar aldrei verið til sjós áður, en hann og fleiri voru náttúrlega aldir upp í fiskveiðisamfélagi og þá var ekki óeðlilegt að leita niður að sjó þegar að kreppti.“

Sú afleiðing kreppunnar sem varð langvinnust og kannski alvarlegust var haftastefnan.

„Já, þar varð slys. Við höfðum verið með krónuna bundna við sterlingspundið frá 1925.

En þegar Bretar lentu í kreppunni og urðu að lækka gengi pundsins gagnvart gulli, það er að segja yfirgefa gullfótinn, tók gengisnefnd Alþingis, sem Ásgeir Ásgeirsson var formaður fyrir, þá ákvörðun að halda fast við sterlingspundið. Landsbankinn varð um þetta leyti hræddur um sína stöðu.

Bankinn hafði fengið yfirdráttarlán hjá erlendum bönkum sem hann átti að standa skil á fyrir áramót og nú óttaðist bankinn að lenda í vandræðum með það.

Bankastjórnin og bankaráðið sendu þá sameiginleg tilmæli til ríkisstjórnarinnar um að setja á gjaldeyris- og innflutningshöft til þess að bankinn gæti haldið í nægilega mikinn gjaldeyri.

Reyndar var alls ekki einhugur um þessi tilmæli í bankaráðinu eða milli bankastjórnanna. Einn bankastjórnanna, Georg Ólafsson, var í raun á móti haftatilmælunum en sat á endanum hjá því hann vildi ekki ganga á móti félögum sínum.

Ef hann hefði ekki gert það hefðu tilmælin um höftin fallið á jöfnum atkvæðum.

Ríkisstjórnin varð þegar í stað við þessum tilmælum og það var blátt áfram sett reglugerð um höft á gjaldeyri og innflutning á grundvelli laga frá fyrri kreppuárum 1922, án þess að málið kæmi einu sinni til umræðu á Alþingi fyrr en tveimur árum síðar. Þessu var hálfpartinn laumað í gegn.

Ég dreg ekki í efa að menn hafi gert þetta af því þeir töldu brýna nauðsyn bera til.

Svipað var líka gert í mörgum fleiri löndum. En munurinn á okkur og hinum Norðurlöndunum var að við höfðum ákveðið að binda gengi krónunnar við sterlingspundið sem fyrr, en á öðrum Norðurlöndum var gengið sett á flot um tíma og lækkaði þá töluvert.

Þegar stöðugleikinn jókst svo á ný var gengi norrænu gjaldmiðlanna aftur fest við sterlingspund en þá á gengi sem var lægra en okkar. Þeir höfðu því lækkað gengið meira gagnvart gulli heldur en Bretar höfðu gert.

Jóhannes Nordal hefur bent á að ef við hefðum gert eins og hinar Norðurlandabjórðirnar, hefðum við getað endað umskiptin á verulega lægra gengi.

Og þá hefðu gjaldeyrishöftin verið óþörf.

En við vorum að streða við að halda uppi þessu háa gengi og í ofanálag varð töluverð fjárþensla innan landsins vegna þess að bankarnir voru að burðast við að halda uppi útgerðinni.

Og þá töldu menn alltaf þörf fyrir meiri og meiri gjaldeyrishöft.

Því það liggur í hlutarins eðli að ef þú ert búinn að byggja utan um þig varnargarð, þá heldur þú að hann komi að miklu gagni og haldi öllu illu frá þér. Svo höftunum fjölgar sífellt, bankarnir auka útlán, fjárlögin eru ekki nógu sterk og varnargarðurinn fer á flot.

Ástæðan fyrir því hversu illa tókst til með haftastefnuna var kannski að hluta til skortur á hagfræðilegri þekkingu.

En þeir menn voru þó til sem áttuðu sig á hættunni. Gunnar Viðar hagfræðingur, sonur Indriða Einarssonar leikritahöfundar og fyrsta hagfræðimenntaða manns hér á landi, skrifaði mjög athyglisverðar greinar í Morgunblaðið árið 1936 og tveim árum seinna skrifaði Benjamín Eiríksson bókina *Orsakir erfðleikanna*, þar sem hann sagði um höftin að þau væru eins og stíflugarður á floti.

Og það mátti mjög til sanns vegar færa. Það verður alltaf að auka við höftin af því stíflugarðurinn lætur sífellt undan og þú freistast til að reyna að festa hann aftur.“

Af hverju áttuðum við okkur ekki á þessu?

„Það er ekki gott að segja. Höft voru sett víðar, bæði á Norðurlöndum og í ýmsum þeim löndum sem við áttum mest viðskipti við, en í flestum löndum reyndu menn að losa sig við þau eins fljótt og auðið varð. En ekki hér.

Höftin höfðu mjög slæm andleg áhrif. Þau einangruðu okkur. Við fórum að líta svo á að við værum á einhvern hátt öðruvísi en aðrir og ættum ekki raunverulega samleið með neinum.“

Það er líka oft talað um að haftabúskapurinn hafi haft ... ja, spillingu í för með sér.

„Það má vel telja það raunverulega spillingu. Innflutningsleyfi urðu vitanlega afar eftirsótt og samvinnuhreyfingin og kaupmennirnir fóru á endanum að skipta þeim á milli sín. Samvinnuhreyfingin bar þá miklu meira úr bítum en hún hefði annars gert því hún vísaði til þess að hún væri fulltrúi allra sem væru í kaupfélögum allt í kringum landið.

Þannig taldist þeim til að þeir hefðu umboð fyrir 35-40% landsmanna og ættu þess vegna að fá leyfi sem því svaraði. Þetta var kallað höfðatölureglan. Upp úr þessu spretta svo helmingaskiptin alræmdu.“

Það þurfti eiginlega að sækja um sérstakt leyfi fyrir öllu. Jafnvel stígvélum ...

„Já, þegar verst lét þurfti leyfi fyrir öllu sem sækja átti til útlanda. Og kringum þetta spratt klíkuskapur og skriffinnska og almennt framtaksleysi í samfélaginu. Haftabúskapurinn var óttalega andstyggilegur.

Hvað svo sem menn gera núna til að bregðast við bankahruninu, þá fyrir alla muni má ekki leiða aftur inn haftabúskapinn!“

Viðtal birt í DV febrúar 2009.

VILMUNDUR HANSEN

ÍSLENDINGAR HAFA LÖNGUM KOSIÐ AÐ EINANGRA SIG

Jónas H. Haralz í nærmynd

JÓNAS H. HARALZ hagfræðingur verður níræður í haust. Hann getur sagt hagfræðisögu heillar aldar. Hann á einstakan feril að baki og flestir sem kynnast honum undrast hve vel hann er á sig kominn andlega og líkamlega. Hér fer maður sem ólst upp í Grjótaþorpinu en heimurinn allur hefur verið hans sjóndeildarhringur. Hann hefur unnið fyrir Alþjóðabankann, setið í stjórn bankans, gegndi stöðu bankastjóra Landsbankans í nær tvo áratugi, forstjóri Efnahagsstofnunar um tíma og einn helsti efnahagsráðunautur ríkisstjórna.

Fáir menn geta sagt sögu heillar aldar. Jónas Halldór Haralz er fæddur árið 1919 og verður níræður á þessu ári. Hann lærði hagfræði í Svíþjóð á stríðsárunum, starfaði að þróunarmálum í Mexíko og Mið-Ameríku á vegum Alþjóðabankans og var lengi bankastjóri Landsbanka Íslands. Núna er Jónas formaður nefndar sem meta á hæfni umsækjenda um stöðu seðlabankastjóra.

Jónas fæddist í Reykjavík 6. október 1919, sama dag og hæstiréttur var stofnaður. Faðir hans var Haraldur Níelsson prófessor í guðfræði en móðir Aðalbjörg Sigurðardóttir kennari og forustukona meðal guðspekinga. Jónas átti fimm hálf-systkini og eina alsystur. Fyrstu árin ólst hann upp í Vinaminni í Grjótaþorpi en þegar hann var sex ára flutti fjölskyldan að Laugarnesi.

Naut heimakennslu

„Laugarnesið var hálfgerð sveit á þeim árum, lítil byggð og enginn skóli, þannig að ég naut heimakennslu allt þar til ég settist í fjórða bekk Menntaskólans í Reykjavík árið 1935. Ég var að vísu einn vetur á Alþýðuskólanum á Eiðum sem óreglulegur nemandi, enda yngri en aðrir nemendur í skólanum. Móðir mín dvaldist með okkur börnin á Eiðum þennan vetur hjá frænda sínum séra Jakobi

Kristinssyni sem var skólustjóri. Ég lauk stúdentsprófi 1938 og fór til Stokkhólms til náms í efnaverkefnafræði. Eftir tveggja ára nám í þeirri grein færði ég mig yfir í hagfræði og þjóðfélagsfræði sem mér hugnaðist betur og stundaði það nám í fimm ár. Árið 1945 útskrifaðist ég sem *politices magister*, en í því fólust þrjár aðalgreinar, hagfræði, stjórn málafræði og tölfraði, auk heimspeki og samfélagsfræði sem voru aukagreinar.

Val mitt á námi var í raun í samræmi við tiskusveiflu þess tíma. Ég var í menntaskóla á kreppuárunum og mótaður af því. Þá var ríkjandi hugsunarháttur hjá ungum námsmönnum að læra eitthvað hagnýtt, svo sem viðskiptafræði eða verkfræði, sem nýst gæti atvinnuþróun landsins. Menn fóru síður til náms í sígildum embættisgreinum eins og guðfræði, læknisfræði eða lögfræði. Raunar var haft á orði á þeim tíma að það væri allt of mikið um lögfræðinga og lækna, sem var að vísu misskilningur. Áherslan var á nýjar greinar til að efla atvinnulífið og praktískt nám í þeim tilgangi.“

Jónas segist hafa haft mikinn áhuga á stjórn málum á námsárunum í Stokkhólmi og verið í hópi róttækra stúdenta. Hann var alls sjö ár í Svíþjóð.

Í Svíþjóð á stríðsárunum

Aðspurður segir Jónas erfitt að svara því hvað hagfræði sé. „Hagfræði er breitt og mikið svið sem fjallar um atvinnulífið, stjórn þess og umgjörð. Innan hagfræðinnar eru svo margar sérgreinar og margir skólar sem sumir tengjast stjórn málum. Á mínum námsárum var mjög greinileg skipting milli þess sem var kallað borgaraleg hagfræði og róttæk hagfræði. Borgaralega hagfræðin var sett í kerfi í austurríska og svissneska skólunum. Róttæk hagfræði byggði aftur á móti á kenningum Karls Marx og hafði allt aðra stöðu en er núna.“

Meðan á seinni heimsstyrjöldinni stóð komst Jónas ekki til Íslands frekar en aðrir íslenskir námsmenn í Evrópu á þeim tíma. „Að stríðinu loknu var Esjan send til Svíþjóðar til að sækja Íslendinga sem höfðu orðið innlyksa í Evrópu á stríðsárunum. Ég man þá siglingu mjög vel og heimkomuna 9. júlí 1945. Í þeirri ferð voru námsmenn allstaðar að frá Norðurlöndum og meginlandinu, fríður hópur,“ segir Jónas.

Árið 1946 kvænist Jónas Guðrúnu Þorgeirsdóttur og þau eignuðust einn son, Jónas Halldór.

Ráðinn til Alþjóðabankans

„Eftir að ég kom heim gekk ég í Sósíalistaflokkinn og fór að vinna sem hagfræðingur hjá Nýbyggingarráði en formaður þess var Jóhann Þ. Jósefsson og Einar Olgeirsson, varaformaður. Nýbyggingarráð var lagt niður 1947 og Fjárhagsráð kom í þess stað. Ég starfaði hjá þessum tveimur ráðum í fimm ár, eða til 1950.

Eftir það tók ég við starfi sem hagfræðingur hjá Alþjóðabankanum í Washington, sem var þá ný stofnun og starfaði sem þróunarbanki. Ég var þar í sjö ár og lungann úr þeim tíma var ég í deild sem kallaðist Western Hemisphere Department og hafði með Mexíkó, Mið- og Suður-Ameríku að gera. Ég dvaldi hér um bil eitt á í Mexíkó og skrifaði bók, ásamt fleirum, sem fjallaði um efnahagsmál landsins. Hún kom út 1952 og þótti athyglisverð á þeim tíma. Á þessum árum fór ég einnig til Perú og var eitt ár fulltrúi bankans í Hondúras. Ég lærði spænsku vel og gat skrifað og talað á málinu, þótt ég sé nú búinn að glata þeirri kunnáttu,“ segir Jónas.

Árið 1956 var Jónas beðinn að gerast efnahagsráðunautur vinstri stjórnar Hermanns Jónassonar, sem hann gat ekki tekið að sér vegna starfa sinna í Alþjóðabankanum. Í stað þess skiluðu tveir hagfræðingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum tillögum um úrbætur í efnahagsmálum sem ríkisstjórnin gat ekki fallist á.

Jónas bætir því við að á sínum tíma, þegar sjóðurinn var stofnaður í lok styrjaldarinnar, hefðu Íslendingar því miður ekki haft skilning á því að gerast virkir þátttakendur í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Hugmyndin að baki þessarar nýju alþjóðastofnunar hefði verið að koma á nýju myntkerfi sem kæmi í stað gullfótarins sem brostið hafði í fyrri heimsstyrjöld og í kreppunni 1931.

„Þetta var merkileg umbót á sínum tíma, og það hefði verið Íslendingum til hagsbóta að taka fullan þátt í sjóðnum frá upphafi. En hér á landi voru menn að hugsa um að spara, þrátt fyrir velmegun á styrjaldarárunum, og skáru framlag til sjóðsins við nögl. Þar með var sjóðurinn okkur að heita mátti gagnslaus, þar sem fjárhagsleg aðstoð frá honum, þegar á þurfti að halda, fór eftir framlaginu. Ásgeir Ásgeirsson, síðar forseti, en þá bankastjóri Útvegsbankans, var eini maðurinn hér á landi sem skildi hvaða kosti raunveruleg þátttaka í sjóðnum gat haft til að bera.“

Skilningi á efnahagsmálum hrakar

„Ég tel að skilningi Íslendinga á efnahagsmálum hafi hrakað mjög á árunum eftir 1930,“ segir Jónas. „Landið einangraðist furðu mikið á kreppu- og

stríðsárunum, og menn fylgdust ekki vel með því sem var að gerast í mótun alþjóðlegrar efnahagssamvinnu í lok styrjaldarinnar og á fyrstu árunum þar á eftir. Auk dræmrar þátttöku í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, létum við hjá líða að taka þátt í Alþjóðaviðskiptastofnuninni (GATT).

Þegar svo Marshallaðstoðin kemur til sögunnar viljum við gjarnan þiggja fjárfraðslög til ýmiss konar framkvæmda en færumst undan skuldbindingum um frjáls viðskipti, sem var sjálfur tilgangur aðstoðarinnar. Það var eins og við teldum að við gætum verið út af fyrir okkur og þyrftum lítið á samskiptum við aðrar þjóðir að halda. Á fyrsta fullveldisáratugnum, 1920-30, höfðu menn hins vegar fullan skilning á því að notfæra sér fullveldið til að verða þátttakendur í samfélagi þjóðanna, til dæmis með því að ganga inn í myntkerfi gullfótarins.“

Heim til Íslands

Jónas hætti störfum hjá Alþjóðabankanum síðla árs 1957 og fjölskyldan fluttist til Íslands. „Eftir heimkomuna tók ég við starfi sem efnahagsráðunautur ríkisstjórnar Hermanns Jónassonar. Gengi krónunnar var þá mjög skakkt og aðalvinnugreinin, sjávarútvegur, gat ekki starfað nema með því móti að greiddar voru bætur á flestar útflutningsafurðir eftir mjög sérhæfðum reglum. Reynt var að reikna út hversu miklu hver afurð þurfti á að halda. Sumarveidd, söltuð smáýsa fékk mest en togarafiskur tiltölulega lítið. Á móti voru lagðir á innflutningstollar og gjaldeyrisskattar. Endar náðu þó aldrei saman, auk þess sem kerfið stóð í vegi fyrir hagkvæmum rekstri og eðlilegum framförum.

Stjórn Hermanns Jónassonar reyndi að lagfæra kerfið nokkuð árið 1958, en þær umbætur urðu þess valdandi að framfærsluvísitalan hækkaði nokkuð og stjórnin varð að fara frá þegar þing Alþýðusambandsins neitaði að fresta launahækkun sem af þeirri verðhækkun leiddi um einn mánuð. Tók minnihlutastjórn Alþýðuflokksins þá við. Upp úr þeirri stjórnarmyndun spratt svo viðreisnarstjórnin svonefnda ári síðar, en hún freistaði þess að afnema bótakerfið og taka upp alþjóðlega viðskiptahætti.

Á þessum tíma vann ég náið með þeim Ólafi Thors, forsætisráðherra, og Gylfa P. Gíslasyni, viðskiptaráðherra. Samtímis því sem ég var efnahagsráðunautur var ég um þriggja ára skeið ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu í fjarveru Þórhalls Ásgeirssonar. Jafnvægi náðist fljótt í utanríkisviðskiptum eftir gengislækkun í febrúar 1960, afkoma atvinnuveganna náði sér á strik og verðbólga var í hófi,“ segir Jónas,

Bankastjóri Landsbankans

„Eftir að Efnahagsráðuneytið var stofnað 1959 var ég ráðuneytisstjóri þar, en eftir að því var breytt í Efnahagsstofnun 1961 var ég forstjóri hennar til 1969 þegar ég var ráðinn sem bankastjóri Landsbanka Íslands. Þar var ég í átján ár eða til 1988 þegar ég var 69 ára. Þá tók ég við starfi sem aðalfulltrúi Norðurlandanna í stjórn Alþjóðabankans til þriggja ára þannig að ég fór aftur á gamlar slóðir. Mér þótti það mjög ánægjulegt þar sem ég var enn í sambandi við marga fyrrum starfsfélaga við bankann og þekkti vel til starfsemi hans,“ segir Jónas. „Um þetta leyti var mér einnig veitt nafnbót heiðursdoktors í hagfræði við Háskóla Íslands.“

Guðrún, eiginkona Jónasar, lést árið 1982. Tveimur árum síðar kvæntist hann bandarískri konu, Sylvíu Matthews, en hún og fyrri maður hennar höfðu verið mikið vinafólk hans og Guðrúnar í mörg ár. Jónas bjó í nokkur ár í Bandaríkjunum eftir að hann lét af störfum í stjórn Alþjóðabankans og tók að sér ýmis verkefni.

„Ég starfaði um tíma fyrir norska utanríkisráðuneytið og skrifaði fyrir þá skýrslu um einkaframtak í þróunarlöndum. Eftir það vann ég fyrir bandaríska stofnun sem hét Overseas Development Council og fór svo að skrifa hluta af fimmtíu ára sögu Alþjóðabankans, en ég hafði um skeið setið í nefnd sem átti að sjá um að ljúka því verki.“

Hefur alltaf haft áhuga á þróunarmálum

Seinni kona Jónasar lést 1996 og í framhaldi af því fluttist hann aftur til Íslands. „Eftir að ég kom heim hef ég unnið að ýmiss konar verkefnum, til dæmis verið ráðunautur utanríkisráðherra í tengslum við þróunarmál. Ég hef tekið saman tvær skýrslur um reynslu Íslands í þeim málum, ásamt öðrum. Auk þess starfaði ég fyrir Norræna þróunarsjóðinn og skrifaði sögu hans enda alltaf haft mikinn áhuga á þeim málum. Haustið 1999 tók ég þátt í málstofum um tímabilið frá 1930 til 1960. Ég sá svo um að koma erindunum saman í bók sem nefndist Frá kreppu til viðreisnar og kom út árið 2002.“

Síðan hef ég skrifað nokkuð ítarlega frásögn um störf mín hjá Landsbankanum sem var gefin út árið 2007. Ég hef einnig skrifað frásögn um starf mitt hjá Alþjóðabankanum sem ekki hefur enn verið gefin út. Undanfarin níu ár hef ég haft aðstöðu hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands sem hefur verið mér mjög kærkomið. Síðustu misserin hef ég aðallega verið að skrifa greinar um námsár mín

í Svíþjóð og tekið þátt í nokkrum málstofum. Síðast var ég með fyrirlestur í apríl á þessu ári í Vísindafélagi Íslendinga sem hét *Í leit að staðfestu* og fjallaði um þróun peningamála frá því Ísland varð fullvalda.“

Nauðsynlegt að ganga í Evrópusambandið

Jónas segist hafa fylgst allvel með því sem hafi verið að gerast í kjölfar bankahrunsins. „Ég og Einar Benediktsson, fyrrverandi sendiherra, skrifuðum í fyrrasumar, rétt áður en hrunið átti sér stað, nokkrar blaðagreinar þar sem við hvöttum stjórnvöld til að sækja þegar í stað um aðild að Evrópusambandinu í því augnamiði að taka upp evru.

Mín skoðun er sú að það hafi verið mikil mistök þegar Ísland gekk inn í Evrópska efnahagssvæðið í stað þess að ganga beint í Evrópusambandið. Við vorum í EFTA, og það gekk vel, en þegar kom að því að EFTA löndin vildu sameinast Evrópusambandinu upp úr 1990 kusu íslensk stjórnvöld að ganga frekar í undirdeildina EES. Með því var í raun tekið við öllu Evrópusambandsbatteríinu, nema sjávarútvegs- og landbúnaðarstefnum, auk þess sem við vorum utan myntsamstarfsins og þess öryggis sem það veitir. Ég held að staða okkar núna væri mun betri hefðum við gengið strax í Evrópusambandið upp úr 1990.

Satt best að segja lít ég svo á að Íslendingar hafi löngum verið úti á þekju með samskipti sín við umheiminn og við hneigjumst til að líta svo á að best sé að einangra sig sem mest. Þetta er ekki farsæl afstaða,“ segir Jónas H. Haralz að lokum.

Viðtal birt í 3. tölublaði Frjálsrar verslunar í júní 2009.

BENEDIKT JÓHANSSON

SJÁLFSTÆÐ PENINGAMÁLASTEUFNA GENGUR EKKI Í LITLU HAGKERFI

ÞANN 4. MAÍ síðastliðinn var viðtal í *Speglinum* í RÚV við Jónas Haralz hagfræðing um efnahagsstjórnina fyrir hrúnið. Greinin hér á eftir er byggð á svörum Jónasar í viðtalinu, en tilvitnanir eru ekki orðréttar.

Samræmd hagstjórn

Á Íslandi komst á samræmd hagstjórn á viðreisnarárunum. Slík hagstjórn var tekin upp í heiminum eftir heimsstyrjöldina undir áhrifum frá John Maynard Keynes. Kenningar hans byggja á því hvernig hægt sé að hafa taumhald á miklum sveiflum á markaðnum með samræmingu peningamála og fjármála. Þessir stjórnarhættir voru teknir upp á Vesturlöndum með góðum árangri því á þessum árum urðu miklar framfarir. Fastgengi milli mynta leið undir lok og þess í stað kom fljótandi gengi árið 1970. Hugmyndin um samræmda stjórn efnahagsmála er hins vegar enn í fullu gildi. Á Íslandi var slík samræming sífellt meira vanrækt eftir því sem leið á 20. öldina. Eftir 1995 er ekki hægt að tala um samræmda stjórn efnahagsmála. Á síðustu árum sáu allir að ríkisfjármál og peningastefna stönguðust á. Í gegnum Íbúðalánasjóð voru teknar ákvarðanir um mikla aukningu útlána og Alþingi samþykkti skattalækkanir, þegar rétt hefði verið að hækka skatta. Þegar stóriðjuframkvæmdir fóru af stað hefði ríkið þurft að einbeita sér að aðhaldi á öðrum sviðum. Þetta mátti öllum vera augljóst.

Stjórnkerfið er pólitískt og veikt

Stjórnarhættir landsins hafa gerbreyst. Þegar ég var ráðunautur ríkisstjórnarinnar sat ég oft á ríkisstjórnarfundum. Á þeim árum var ríkisstjórnin í raun fjölskipað stjórnvald. Engin mál sem nokkru skiptu fóru í gegn án þess að ríkisstjórnin

hefði samþykkt þau. Stjórnámálamenn höfðu mikla reynslu og þekkingu á árum áður. Þeir sem komu inn á Alþingi eða urðu ráðherrar höfðu getið sér orðstír í atvinnulífinu; voru til dæmis bændur, kaupmenn, iðnrekendur og höfðu mikla reynslu. Þeir höfðu líka sér til aðstoðar þaulreynda embættismenn sem þeir gátu treyst. Það voru öðruvísi menn sem urðu ráðherrar þá en nú og embættismennirnir hafa ekki sömu reynslu og traust og áður var. Embættismannakerfið er orðið hálfpólitískt og ábyrgð eiginlegra embættismanna rýr.

Sjálfstæðar litlar myntir eiga enga framtíð

Ég er ekki trúaður á að peningamálastefna hefði nokkurn tíma gengið upp í litlu hagkerfi eins og á Íslandi. Það hefði verið hægt að gera þetta miklu betur en það hefði ekki dugað til. Ásgeir Ásgeirsson sem síðar varð forseti sagði í greinargerð um gengisstefnuna árið 1929, að mestu máli skipti fyrir Íslendinga að komast í stöðugt samband við önnur ríki þar sem gjaldmiðillinn hvíldi í föstum skorðum, þ.e.a.s. á gullfætinum. Það sama gildir enn í dag ef við setjum í stað gullfótarins myntbandalag. Sjálfstæðar litlar myntir eiga enga framtíð fyrir sér. Þær verða að vera hluti af stærra bandalagi. Fyrir okkur kemur evran ein til greina. Lönd í Vesturheimi geta myndað tengsl við Bandaríkjadal. Við erum í Evrópu og okkar mynt hlýtur að verða hluti af myntkerfi Evrópu.

Grein birt í 28. tölublaði Vísendingar í júlí 2010.

ÆVIÁGRIP

JÓNASAR H. HARALZ

JÓNAS (HALLDÓR) HARALZ er sonur hjónanna Haralds Nielssonar (f. 30. nóv. 1868, d. 11. mars 1928) prófessors við Háskóla Íslands og Aðalbjargar Sigurðardóttur kennara (f. 10. jan. 1887, d. 16. febr. 1974). Hann fæddist 6. október 1919 í Vinaminni í Grjótaþorpinu í Reykjavík, en fluttist sex ára að aldri að Laugarnesi fyrir utan Reykjavík þar sem faðir hans gegndi störfum prests við holdsveikraspítalann. Jónas naut í fyrstu kennslu í heimahúsum og um tíma árið 1931 við alþýðuskólann á Eiðum þar sem frændi hans Jakob Kristinsson var skólástjóri. Árið 1935 settist hann í fjórða bekk Menntaskólans í Reykjavík (stærðfræðideild) og lauk þaðan stúdentsprófi 1938. Sama ár fór hann til náms í Stokkhólmi og lagði fyrst stund á efnaverkfræði við Kungliga Tekniska Högskolan. Árið 1940 söðlaði hann um, las hagfræði, tölfræði, stjórnmálafræði og heimspeki við Stokkhólmsháskóla til ársins 1945 og lauk magistersprófi (pol.mag) í þessum greinum árið 1944. Helstu kennarar hans í hagfræði voru Karin Kock, síðar hagstofustjóri og ráðherra, Alf Johansson, sem á sínum tíma hafði verið aðalkennari Benjamíns Eiríkssonar, Gunnar Myrdal og Ingvar Svennilsson sem allir heyrðu til hins svenefnda Stokkhólmskóla hagfræðinnar. Í stjórnmálafræði naut hann leiðsagnar Herberts Tingsten, sem síðar varð aðalritstjóri Dagens Nyheter, í tölfræði Stens Wahlund, hagstofustjóra Stokkhólmsborgar og síðar ríkisdagsmanns, og í heimspeki prófessoranna Einars Tegen og Konrads Marc-Wogau.

Á námsárum sínum í Stokkhólmi var Jónas, eins og fleiri íslenskir stúdentar, virkur í róttæka stúdentafélaginu Clarté og meðal náninna sænskra vina hans í þeim félagsskap voru þeir Krister Wickman síðar iðnaðarráðherra og utanríkisráðherra í ríkisstjórn Olafs Palme, og Carl-Henrik Hermannsson, sem lengi var í forustu sænskra kommúnista. Meðal helstu íslenskra félaga Jónasar á þessum árum voru hins vegar hagfræðingarnir Glúmur Björnson og Sölvi Blöndal, Ingvar Björnson, efnafraeðingur, verkfræðingarnir Eiríkur Briem og Ólafur Sigurðsson, og enn

fremur systurnar Halldóra Briem arkitekt, og Guðrún Briem leikskólakennari, auk Magnúsar Kjartanssonar síðar ritstjóra og ráðherra, og Krístrúnar Ágústsdóttur eiginkonu hans, eftir að þau komust frá Danmörku. Síðasta veturinn sem Jónas dvaldi í Svíþjóð gerðist hann meðlimur í sænska jafnaðarmannaflokki og var leiðbeinandi í umræðum um stefnu flokksins að styrjöldinni lokinni á mál-fundum innan flokksfélags í Stokkhólmi.

Jónas kom aftur heim til Íslands að styrjöldinni lokinni þegar strandferðaskipið Esja sótti Íslendinga er dvalist höfðu á Norðurlöndum til Kaupmannahafnar og Gautaborgar í júlí 1945. Gerðist hann þá starfsmaður nýbyggingarráðs og fékkst við hagfræði- og stjórnunarstörf, einkum í samvinnu við Einar Olgeirsson, sem var varaformaður ráðsins. Gekk Jónas fljótlega í Sósíalistasflokkinn og tók sæti á vegum flokksins í bankaráði Landsbanka Íslands árið 1946, eins og nánar er greint frá í þeim endurminningum hans sem birtar eru í þessu riti. Sama ár var hann á framboðslista flokksins við bæjarstjórnarkosningar í Reykjavík undir for-ustu Sigfúsar Sigurhjartarsonar. Sömuleiðis var hann í framboði fyrir flokkinn í Suður-Þingeyjarsýslu við Alþingiskosningar sumarið 1946, þar sem Jónas Jónsson frá Hriflu háði lokabaráttu við fyrri flokksbræður sína. Haustið 1946 var hann fulltrúi flokksins í svokallaðri hagfræðinganefnd sem starfaði á vegum samninga-nefndar allra stjórnarmálaflokkanna. Aðrir fulltrúar í hagfræðinganefndinni voru þeir Gylfi Þ. Gíslason, Klemens Tryggvason og Ólafur Björnsson. Um álit nefndarinnar urðu miklar stjórnarmáladeilur, en tillögur hennar komu að verulegu leyti til framkvæmda í tíð ríkisstjórnar Stefáns Jóhanns Stefánssonar 1947 til 1949. Á þeim árum starfaði Jónas í fjárhagsráði sem tekið hafði við af nýbyggingarráði og annaðist framkvæmd þeirrar skipulags- og haftastefnu sem reynt var að framfylgja.

Á árunum 1947 til 1950 fjarlægðist Jónas viðhorf Sósíalistasflokksins, ekki síst eftir valdatöku kommúnista í Tékkóslóvakíu 1948, og dró sig í hlé frá virkri starfsemi innan flokksins, enda þótt hann sæti enn sem fulltrúi hans í bankaráði Landsbankans og sem varamaður í bæjarstjórn. Á hinn bóginn tók hann í vaxandi mæli þátt í starfsemi Þjóðvarnarfélagsins og stofnaði til náinnar vináttu við Gylfa Þ. Gíslason. Tiltrú hans til þeirrar skipulagsstjórnar efnahagsmála sem hafði rutt sér til rúms í Evrópu á árum styrjaldarinnar og þar á eftir dvínaði óðum í ljósi reynslunnar bæði hér á landi og annars staðar í álfunni. Styrktist sú afstaða hans mjög við kynni hans af Benjamín Eiríkssyni, er dvaldi hér á landi sumarið 1949, og við nokkurra mánaða heimsókn til Svíþjóðar síðari hluta þess árs. Um þetta leyti starfaði hann einnig, fyrir atbeina Þórhalls Ásgeirssonar ráðuneytisstjóra í viðskiptaráðuneytinu,

að öflun upplýsinga vegna þátttöku Íslands í Marshallaðstöðinni og sat sem fulltrúi ráðuneytisins fyrsta nefndarfund OEEC um efnahagsmál Íslands í apríl 1950.

Í ársbyrjun 1950 sótti Jónas, í samráði við Benjamín Eiríksson, um starf hjá Alþjóðabankanum í Washington, en Benjamín hafði þá unnið sem hagfræðingur hjá systurstofnun bankans, Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, allt frá því hann lauk doktorsprófi árið 1945. Um leið sagði Jónas sig úr Sósíalístafloknum og lét af störfum sem fulltrúi hans í bankaráði Landsbankans. Vann Jónas sem hagfræðingur hjá Alþjóðabankanum árin 1950 til 1957, lengst af í þeirri deild sem fjallaði um mál-efni Rómönsku Ameríku (Western Hemisphere Department). Var hann annar tveggja fulltrúa bankans, ásamt tveimur fulltrúum Mexíkó, sem sömdu á árunum 1951–52 ítarlega skýrslu um efnahagsþróun þess lands (The Economic Development of Mexico, John Hopkins Press, Baltimore 1953). Hinn fulltrúi bankans í nefndinni var Bandaríkjamaðurinn Albert Waterston, og bundust þeir Jónas ævilöngum vináttuböndum. Á árunum þar á eftir annaðist Jónas umsjá bankans með þróun efnahagsmála í Mexíkó og ríkjum Mið-Ameríku, og einnig í Perú um nokkurt skeið. Var hann búsettur í Tegucigalpa, höfuðborg Hondúras, frá 1955 til 1956 sem fulltrúi bankans þar í landi og veitti forstöðu sendinefnd bankans til Mexíkó árið 1957 er lagði mat á framkvæmdafyrirætlanir Mexíkóstjórnar.

Síðla árs 1957 fluttist Jónas aftur heim til Íslands til þess að starfa sem efnahagsráðunautur ríkisstjórnar Hermanns Jónassonar sem tekið hafði við stjórnartaumum árið áður, en í þeirri stjórn var Gylfi Þ. Gíslason iðnaðar- og menntamálaráðherra, en Lúðvík Jósepsson sjávarútvegs- og viðskiptaráðherra. Undirbjó Jónas tillögur um endurbætur á ríkjandi hafta- og styrkjakerfi sem komu að nokkru til framkvæmda vorið 1958. Endanlegt samkomulag náðist þó ekki innan ríkisstjórnarinnar sem sagði af sér undir lok ársins. Minnihlutastjórn Alþýðuflokksins, sem þá var mynduð með stuðningi Sjálfstæðisflokksins, kom hins vegar til leiðar nauðsynlegum bráðabirgðaaðgerðum til þess að halda mætti í horfinu á meðan fram færur tvennar kosningar vegna kjördæmabreytingar árið 1959 og varanlegar úrbætur í efnahagsmálum undirbúnar. Að þeim undirbúningi störfuðu þeir í sameiningu Jónas og Jóhannes Nordal allan síðari hluta árs 1959, en aðgerðirnar, sem eru kenndar við viðreisn, komu til framkvæmda snemma árs 1960.

Síðsumars 1958, á meðan ríkisstjórn Hermanns Jónassonar sat enn að völdum, hafði Jónas verið settur ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu í fjarveru Þórhalls Ásgeirssonar á meðan hann starfaði sem fulltrúi Norðurlanda í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, jafnframt því sem hann starfaði að tillögum um efnahagsmál. Til þess að koma fastara horfi á efnahagsráðgjöfina var efnahagsráðuneyti formlega

stofnað seint á árinu 1959, sem breytt var í Efnahagsstofnun árið 1962 þegar hagdeild Framkvæmdabankans bættist í hóp starfslíðsins. Varð Jónas forstjóri þeirrar stofnunar og lét jafnframt af störfum í viðskiptaráðuneytinu, en aðalverkefni hans á þeim vettvangi hafði þá um skeið verið að fylgjast með þróun markaðsmála í Evrópu þar sem Efnahagsbandalagið og Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA) voru í mótun og viðbrögð Íslands við þeirri þróun voru til skoðunar hér á landi. Heim sótti hann flest þessara Evrópulanda í fylgd með Gylfa Þ. Gíslasyni, viðskiptaráðherra á árunum 1961 til 1962.

Á árunum 1962 til 1969 gegndi Jónas störfum sem forstjóri Efnahagsstofnunar. Í fyrstu beindist athyglin að miklu leyti að þeim vanda verðbólgu og launaþróunar sem fylgdi í kjölfar viðreisnaraðgerðanna 1960. Þær aðgerðir höfðu falið í sér afnám sjálfkrafa hækkunar launa samkvæmt vísitölu verðlags. Þessu hafði verkalýðshreyfingin spyrnt við með því að knýja fram mikla hækkun grunnlauna að afloknu verkfalli vorið 1961, sem af hálfu ríkisstjórnar var svarað með nýrri gengislækkun síðar um sumarið. Eftir þetta stóð sífellt reiptog á milli verkalýðshreyfingar og ríkisstjórnar allt fram til þess að hið svokallaða júní-samkomulag náðist árið 1964. Samkvæmt því samkomulagi skyldi tenging launa við vísitölu neysliverðs tekin upp að nýju gegn því að hógværir samningar væru gerðir um hækkun grunnlauna, jafnframt því sem umbætur yrðu gerðar í húsnæðismálum. Vann Jónas að þessari samningsgerð við hlið Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra.

Auk þess að fylgjast með gangi efnahagsmála og veita ráðgjöf um stjórn þeirra fékkst Efnahagsstofnunin við áætlanagerð til lengri tíma en eins árs. Í apríl 1963 lagði Ólafur Thors forsætisráðherra fram fyrir hönd ríkisstjórnarinnar þjóðhags- og framkvæmdaáætlun fyrir árin 1963 til 1966, ásamt sérstakri áætlun um fjárfestingu og fjáröflun á árinu 1963. Þessar áætlanir hafði stofnunin undirbúið, með aðstoð norskra sérfræðinga í upphafi. Þegar kom að nýju áætlunartímabili árið 1967 hafði farið fram athugun á fyrirkomulagi áætlunargerðar almennt með tækniástoð frá Alþjóðabankanum. Var niðurstaða stofnunarinnar sú, sem ríkisstjórnin féllst á, að ekki skyldi halda áfram áætlanagerð til meðallangs tíma, það er fjögurra til fimm ára. Í stað þess skyldi áhersla lögð á gerð almennra þjóðhagsáætlana til eins eða tveggja ára og áætlana um einstakar greinar opinberra framkvæmda til langs tíma. Enn fremur skyldi unnið að áætlunum um atvinnugreinar og um einstök byggðarlög. Stofnunin hafði þá um skeið unnið að samgönguáætlun fyrir Vestfirði, með aðstoð norskra sérfræðinga, og að byggðaáætlun fyrir Norðurland. Sömuleiðis hafði stofnunin unnið að áætlunargerð um þróun

Háskóla Íslands á vegum sérstakrar Háskólanefndar sem Gylfi Þ. Gíslason hafði skipað undir formennsku Jónasar, en nefndin lauk störfum árið 1969.

Um það leyti sem hin nýja stefna í áætlunargerð var tekin, skall yfir sá mikli efnahagsvandi er stafaði af hruni síldarstofnsins og lækkun afurðaverðs á Bandaríkjamarkaði. Snerist stjórn efnahagsmála og ráðgjöf hennar vegna fyrst og fremst um þennan vanda á árunum 1967 til 1969. Að lokinni mikilli gengisfellingu seint á árinu 1968 varð samkomulag um stofnun atvinnumálanefnda er leggja skyldu á ráð um aðgerðir í atvinnumálum í einstökum héruðum. Varð Jónas framkvæmdastjóri þessara nefnda sem Bjarni Benediktsson forsætisráðherra veitti forstöðu, og starfaði að því verkefni fram eftir ári 1969, en Bjarni Bragi Jónsson tók við störfum hans í Efnahagsstofnun. Haustið 1969 varð Jónas svo bankastjóri Landsbanka Íslands eins og um er fjallað í þessu riti.

Á þeim árum sem Jónas gegndi störfum hjá Efnahagsstofnun, allt fram að því að efnahagsáfallið skall á, tók hann nokkrum sinnum að sér verkefni erlendis á vegum Alþjóðabankans. Þannig fór hann árið 1963 í stutta ferð til Perú til þess að kynna fyrirætlunum nýrrar ríkisstjórnar þar í landi. Þá veitti hann árið 1965 forustu fjölmennri sendinefnd frá bankanum er kynnti sér framkvæmdáætlun ríkisstjórnar Venesúela með hugsanlegar lánveitingar fyrir augum. Sama ár var hann formaður nefndar er Alþjóðabankinn sendi til Afríkúríkisins Ghana til þess að kynna sér og leggja fram ráð í þeim mikla efnahagsvanda sem landið hafði ratað í við framkvæmd svokallaðrar sjö-ára áætlunar eftir að það öðlaðist sjálfstæði. Í þeirri ferð átti hann viðræður við forsetann, Kwame Nkrumah, nokkrum mánuðum áður en hann var hrakinn frá völdum.

Árið 1969 var Jónas kjörinn bankastjóri Landsbanka Íslands. Um störf hans á þeim vettvangi verður ekki fjallað í þessu ágrip, enda er skýrt frá þeim í því riti sem þetta ágríp fylgir. Á hinn bóginn verður hér dregið á þau stjórn málaafskipti sem Jónas hóf að nýju á árum sínum í Landsbankanum og á þær ritgerðir sem hann lét frá sér fara á þessum árum.

Tilfni þess að Jónas hóf að nýju afskipti af stjórn málum var að hann taldi nýja vinstri stjórn er mynduð var 1971 stefna efnahagsmálum landsins í óefni. Samkvæmt beiðni Jóhanns Hafsteins, þáverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, tók hann sæti í efnahagsmálanefnd flokksins haustið 1971, en tveim árum síðar gekk hann formlega í flokkinn. Kom hann sérstaklega að mótun stefnu í efnahagsmálum árin 1978 til 1979, í samvinnu við þáverandi formann flokksins Geir Hallgrímsson. Átti hann sömuleiðis sæti í miðstjórn flokksins frá 1975 til 1987. Á þessum árum skrifaði hann einnig allmargar ritgerðir og blaðgreinar, og var úrval

þeirra frá árunum 1972 til 1980 birt í bókinni Velferðarríki á villigötum árið 1981. Einnig hélt hann erindi á norrænum hagfræðingamótum árin 1972 og 1981. Sá hagfræðingur er mest áhrif hafði á sjónarmið Jónasar á þessum árum var Svíinn Erik Dahmén, prófessor í Lundi.

Árið 1988 lét Jónas af störfum í Landsbankanum rúmu ári áður en aldurstakmark sagði til um. Tók hann þá við starfi aðalfulltrúa Norðurlanda í stjórn Alþjóðabankans til þriggja ára. Á þeim árum heimsótti hann allmörg lönd Asíu og Afríku á vegum bankans. Innan stjórnarinnar starfaði hann einkum að umbótum á vinnubrögðum stjórnarinnar sjálfrar og að aðgerðum bankans til stuðnings þróunar einkaframtaks.

Eftir að störfum lauk árið 1991 dvaldi hann enn um fimm ára skeið í Washington og stundaði ráðgjafastörf á vegum norska utanríkisráðuneytisins, Norræna þróunarsjóðsins og bandarísku stofnunarinnar Overseas Development Council. Á þessum árum starfaði hann einnig í nefnd sem fylgdist með ritun fimmtíu ára sögu Alþjóðabankans og tók að sér að rita kafla verksins um Alþjóðafjármálastofnunina (IFC). Kom sagan öll út í tveimur bindum árið 1997 á vegum The Brookings Institution.

Árið 1996 fluttist Jónas aftur heim til Íslands og hefur einkum starfað að ráðgjöf um þróunarmál á vegum utanríkisráðuneytisins, Þróunarsamvinnustofnunar Íslands og Norræna þróunarsjóðsins. Sömuleiðis stóð hann fyrir málfundum hóps hagfræðinga og sagnfræðinga um hagstjórn á Íslandi á árunum 1930 til 1960. Voru þeir þættir teknir saman á vegum Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands árið 2002, og ritstýrði Jónas verkinu sem gefið var út af Hinu íslenska bókmenntafélagi undir heitinu Frá kreppu til viðreisnar.

Jónas kvæntist Guðrúnu Ernu Þorgeirsdóttur þann 5. okt. 1946. Var hún fædd í Nesi í Aðaldal, S. Þing. 30. nóv. 1922, en foreldrar hennar voru Þorgeir Sigurðsson, byggingameistari á Húsavík og síðar í Reykjavík og Kópavogi, f. 18. apríl 1898, d. 29. febr. 1964, og eiginkona hans Ólöf Baldvinsdóttir, f. 1. júlí 1904, d. 2. febr. 1985. Guðrún Erna lést 10. júní 1982. Sonur þeirra er Jónas Halldór Haralz, viðskiptafræðingur, f. 25. jan. 1953. Hann er kvæntur Gyðu Rafnsdóttur og eiga þau börnin Jónas Halldór Haralz (f. 1992) og Guðrúnu Gyðu Haralz (f. 1999).

Jónas kvæntist í annað sinn Sylvíu Matthews, f. Soulis, þann 29. september 1984 en hún lést 16. maí 1996. Hún var dóttir hjónanna Wilbur T. Soulis, verkfræðings í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum, f. 1892, og Sylvíu Soulis, f. Matthews,

f. 1906. Sylvia var áður gift Richard P. Matthews, lögfræðingi, og áttu þau börnin Kathleen Matthews, lækni í Cincinnati, Ohio, f. 1952, og R. Philip Matthews, endurskoðanda í Richmond, Virginia, f. 1956.

Jónas var kjörinn heiðursdoktor (Dr. econ. honoris causa) við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands árið 1988. Þá hefur hann verið sæmdur stórriddarakrossi íslensku fálkaorðunnar og norskum og sænskum heiðursmerkjum.

Þetta æviágrip var birt í sérútgáfu Tímarits um Viðskipti og Efnahagsmál í september 2007 og er eftir Jónas sjálfan.

